



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um síðasta lag fyrir fréttir. **15**



**TÍMAMÓT** Velunnarar Smáráskóla fagna 20 ára afmæli hans. **16**



**LÍFID** Pað var margt góðra gesta á tónleikum GusGus í Hafnarborg um helgina. **22**



**SPORT** Emil Hallfreðsson upplifir ævintýri með Hellas Verona á Ítalíu. **24**



**SONOS**

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINI Í ÖLLUM HERBERGJUM

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTAÐKJAVERSLUN • SÍÐUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. september 2014  
210. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

**FRÉTTIR**



**Óvissir um umfang tjóns** Forstjóri Samskipa segist enga hugmynd hafa um hversu mikið tjón varð þegar skipið Akrafell strandaði við austanvert landið um helgina. Hann segist þakklátur öllum þeim sem komu að björgunaraðgerðum. **10**

**Ráðþrota lögregla** Netsíða þar sem birtar eru myndir af barnungum íslensku stúlkum í kynferðislegum tilgangi er enn opin. **2**

**Ósjálfbær landnýting** Landgræðslustjóri segir að styrkjakerfið stuðli að gróður- og jarðvegseyðingu. **6**

**Hníffjafnt** Sjálfstæðissinnar í Skotlandi bæta enn við sig fylgi. **8**



Bolungarvík	11°	SSA	5
Akureyri	14°	SSV	3
Egilsstaðir	16°	SV	4
Kirkjubæjarkl.	11°	SSV	4
Reykjavík	12°	S	6

**VÍÐA VÆTA** Í dag verða suðaustan 5-19 m/s og rigning en þurr og léttir til A-lands. Hiti yfirleitt 10-17 stig, mildast NA-lands. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Stofan | Fólk



## Tvöfalt fleiri í sjálfsvígshugleiðingum

Helmings fjölgun varð á símtölum í Hjálparsímann 1717 vegna sjálfsvíga í sumar. Verkefnastjóri segir vitundarvakningu hafa orðið við dauðsfall Robins Williams.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við fundum fyrir mikilli aukningu á símtölum vegna sjálfsvíga í sumar, miðað við það sem hefur verið á þessum árstíma,“ segir Hjálmar Karlsson, verkefnastjóri Hjálparsímans 1717.

Hjálmar segir að flest símtöl komi yfir veturinn, í skammdeginu og í kringum jólin. Nú í sumar hafi aftur á móti orðið ákveðin vitundarvakning í kjölfar sjálfsvígs leikarans góðkunna Robins Williams. Umræðan sem hafi komið í kjölfarið, um vanlíðan sem sést ekki utan frá, hafi náð til margra sem höfðu síðan samband við Hjálparsímann og sögðu í fyrsta skipti frá sjálfsvígshugleiðingum sínum.


„Þetta er fólk sem hefur það gott

utan frá séð, á góða fjölskyldu, vini og fjármálin eru í lagi, en því líður samt ákaflega illa. Eftir dauða Robins Williams fengum við fleiri símtöl frá fólki sem fannst loksins í lagi að viðurkenna og greina frá vanlíðan sinni,“ segir Hjálmar og bætir við að þetta sýni hvernig umræða í samfélaginu um sjálfsvíg geti komið því til leiðar að fleiri leiti sér hjálpar.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar Hjálparsímans veita stuðning og upplýsingar um úrræði sem eru í boði í þjóðfélaginu hverju sinni. Litið er á samtölin sem fyrsta skrefið til að viðurkenna vandann og ræða um hann.

„Þetta fyrsta skref er svo mikilvægt. Það getur verið fyrsta skref-

**SÍMTÖL UM SJÁLFSVÍG**



íð í átt frá vandanum. Því fögnum við fleiri símtölum, það er betra en þöggun og ekki endilega vísbending um að fleiri séu með sjálfsvígshugsanir, heldur að fleiri leiti sér hjálpar,“ segir Hjálmar.

- ebg/sjá síðu 4



ÓTRÚLEGUR Þórarinn í trommugír. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Undrabarnið Þórarinn Þeyr: Tíu ára í FÍH

**TÓNLIST** „Sumum unglíngum og fullorðnum finnst líka kannski skrýtið að spila með krakka en ég ætla að passa að trufla engan og hlusta á alla bara eins og á hljóm-sveitaræfingum,“ segir Þórarinn Þeyr Rúnarsson. Þórarinn er aðeins tíu ára og lemur húðir með hljóm-sveitinni Meistarar dauðans. Þá er hann yngsti nemandinn í Tónlistarskóla FÍH í vetur en aldurstakmark er fimmtán ára.

Þórarinn Þeyr fékk fyrsta trommusettið fimm ára, þangað til sló hann á potta og hvað sem var.

gun / sjá síðu 30



SKILYRÐIN Hafa verið góð. Veðrið hefur verið hlýtt og rakt og þess vegna eru sveppir töluvert áberandi um þessar mundir, þó óvenjuseint sé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sveppirnir koma seint í ár: Óvenjumikið af sveppum

**NÁTTÚRAN** „Það hefur verið töluvert af sveppum í ár. Skilyrðin til þess hafa verið góð, það hefur verið hlýtt og rakt þannig að þeir eru töluvert áberandi. Þessir sem eru mest áberandi sjást tilsýndar eins og hvítir turnar, en sá sveppur heitir ullblekill,“ segir Eiríkur Jensson líffræðingur og framhaldsskólakennari.



„En þetta er frekar seint. Venjulega eru sveppirnir mest áberandi í ágúst og oft eitt-hvað fram í september en það er óvenjumikið af þeim núna.“

- ósk

Norðlendingar deila um hvar aðalskrifstofa sýslumanns eigi að vera staðsett:

## Húsvíkingar vilja sýslumann

**STJÓRNSÝSLA** Akureyrarbær sættir sig ekki við hugmyndir innanríkisráðuneytisins um að aðalskrifstofa sýslumanns verði flutt frá Akureyri til Húsavíkur. Hefur bærinn sent frá sér formlega athugasemdir vegna þess. Telur bærinn að meginnmarkmiðum verði best náð með því að staðsetja aðalskrifstofurnar á Akureyri. Þannig verði þjónusta við borgarana best tryggð. Friðrik Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar í

Norðurþingi, sættir sig illa við þessar yfirlýsingar. Friðrik minnr á að Akureyrarbær hafi ekki haft uppi sömu varnaðarorð þegar ákvörðun var tekin um flutning Fiskistofu frá höfuðborgarsvæðinu. „Það orkar tvímælis að vilja fá stofnanir norður á Akureyri en berjast gegn því að stofnanir séu fluttar til Húsavíkur. Það sýnir að Akureyringar telja sig aðeins geta sótt þjónustu í aðra áttina,“ segir Friðrik.

- sa / sjá síðu 11



Pað orkar tvímælis að vilja fá stofnanir norður á Akureyri en berjast gegn því að stofnanir séu fluttar til Húsavíkur.

Friðrik Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar í Norðurþingi

Heilbrigðar tennur

Flux Fluormunnskol

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

Betri melting! Probiotic 16 Strain

- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

## SPURNING DAGSINS



Ása Helga, heldurðu að myndin verði þinn svanasöngur?

„Nei, en kannski verður þetta eins og svartur svanur í íslensku kvikmyndasönnu.“

Ása Helga Hjörleifsdóttir kvikmyndagerðarkona fékk vilyrði fyrir 80 milljóna króna styrk frá Kvikmyndasjóði til að framleiða kvikmynd byggða á Svaninum eftir Guðberg Bergsson. Svanurinn verður fyrsta mynd Ásu í fullri lengd.

Hraunstraumurinn úr gosinu fer fram um 100 metra á klukkustund og náði í gær að Jökulsá á Fjöllum:

# Askjan sígur um allt að einn metra á dag

**ELDGOS** Skjálfti upp á 5,4 mældist í Bárðarbungu í gærmorgun. Vísindamenn telja að askjan sígi um hálfan til einn metra á dag. Hraunstraumurinn hefur náð Jökulsá á Fjöllum en mikið þarf til að farvegur fljótsins breytist á afgerandi hátt.

Virknin í eldgosinu var í gær með svipuðum hætti og í fyrra dag. Lítil sem engin virkni er þó í sprungunni sem myndaðist á föstudaginn. Hraunstraumurinn fer fram um 100 metra á klukkustund og náði í gærmorgun að Jökulsá á Fjöllum.

stund og náði í gærmorgun að Jökulsá á Fjöllum.

„Hraunið og áin eru svona farin að kljást aðeins en þetta er ekkert dramatískt. Það kemur gufa þar sem vatn sýður en áin rennur aðallega fram hjá hrauninu enn sem komið er og ég á ekki von á að það verði mjög dramatískir atburðir sem því fylgja,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur.

Bárðarbunga hefur sigið um 15 metra og sígur um hálfan til einn

metra á dag að mati Magnúsar Tuma. Hann segir að óskjúsug geti numið hundruðum metra og tekið langan tíma.

„Þá breytist Bárðarbunga mikið. Ísinn sígur þá niður og það verður þarna lokuð dæld. Og ef það gýs inni í henni getur vatn lokast þar inni og þá erum við kannski komin með ný Grímsvötn. Það gæti síðan í kjölfarið valdið verulega stórum jökulhlaupum.“



MIKIÐ HRAUNFLÓÐ Virkinn í gosinu var svipuð alla helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SPENNTUR** Hundurinn Jósefína var einn þeirra sem tóku þátt í hlaupinu sem fram fór í Þýskalandi um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Hátt á annað hundrað hundar hlupu í árlegu hundahlaupi: Hljóp með apabruðu á bakinu

**ÞÝSKALAND** Hundrað og sextíu hundar tóku þátt í hundahlaupi sem fram fór í Wernau í Suður-Þýskalandi í gær. Einn af þeim hundum sem hljóp var hundurinn Jósefína. Hann er af kubbakyni (e. pug) og hljóp með apabruðu á bakinu.

Ekki réttur á skaðabótum:

## Réttindi flugfarþega í gosi

**NEYTENDUR** Neytendastofa bendir flugfarþegum á að kynna sér réttindi sín vegna tafa og aflysinga á flugi af völdum eldgossins.

Ef flugi seinakar eða er aflyst verði flugfélag að bjóða farþegum máltíðir, tvö símtöl og hóteltíðningu eða flutning endurgjaldslaus. Ef flugi er aflyst eða því seinakar um fimm klukkustundir getur farþegi ákveðið að hætta við ferðina og á þá rétt á endurgreiðslu farminans og flutningi til baka til fyrsta brottfararstaðar.

Farþegar eiga hins vega ekki rétt á skaðabótum þar sem eldgos fellur undir óviðráðanlegar aðstæður.

## Áhyggjuraddir í Frakklandi: Þjóðernissinnar í mikilli sókn

**FRAKKLAND** Forsætisráðherra Frakklands, Manuel Valls, hefur lýst yfir áhyggjum af uppgangi þjóðernisfloksins Front National í landinu.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun myndi formaður hægri-öfgamanna hafa betur en sitjandi forseti, François Hollande, kæmi til forsetakosninga nú.

Þjóðernisflokkurinn hefur minnt kjósendur reglulega á röt-tæka stefnu sína í innflytjendamálum og virðast fleiri hafa orðið móttækilegir fyrir boðskapnum vegna efnahagsvanda og atvinnuleysis í Frakklandi.



**ERLEND SPJALLSÍÐA** Á síðunni er sérstakur spjallþráður þar sem settar eru inn myndir af fáklæddum íslenskum stúlkum. Svo virðist vera sem flestir notendurnir sem setja inn myndir séu drengir undir lögaldri. Aftur á móti getur hver sem er skoðað myndirnar.

# Lögreglan máttlaus gegn myndbirtingu

Netsíða þar sem birtar eru myndir af barnungum íslenskum stúlkum í kynferðislegum tilgangi er enn opin. Málið hefur legið á borði lögreglunnar í hálf ár. Yfir lögregluþjónn segir lögregluna ekki geta stjórnað internetinu og að forvarna sé þörf.

**LÖGREGLUMÁL** Erlend spjallsíða þar sem íslenskir karlmenn skiptast á myndum af fáklæddum og nöktum íslenskum stúlkum er enn í fullum gangi. Stúlkurnar eru flestar undir átján ára aldri og alveg niður í tólf ára.

Fréttablaðið fjallaði um málið fyrir tæpu hálfu ári og sagði Friðrik Smári Björgvinsson, yfir lögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, erlendu síðuna vera til rannsóknar hjá lögreglu og að reynt yrði að fá síðunni lokað. Ekkert hefur þó gerst í málinu og nýjar ólöglegar kynferðislega myndir af börnum eru settar daglega inn á síðuna, sem er lögbrot samkvæmt almennum hegningarlögum.

„Svona mál eru erfið fyrir lögregluna, sérstaklega þegar um erlendrar síður er að ræða. Við getum ekki stjórnað internetinu,“ segir Friðrik Smári þegar hann er spurður um gang rannsóknarinnar. Hann segir rannsókn þó enn vera í gangi en enga niðurstöðu liggja fyrir.

Aðspurður hvort ekki sé hægt að leita uppi þá sem dreifa myndum út frá IP-tölum segir hann málið flóknara en svo. „IP-tölur liggja ekki alltaf fyrir þar sem fólk fer þráðlaust inn á netið og þá koma allt aðrar tölur fram. Það er bara engin leið að stöðva svona dreifingu sem er komin af stað og mjög erfið að hafa upp á þeim sem standa fyrir dreifingunni.“

Á síðunni skiptast notendur á myndum af stúlkum sem þeir hafa í mörgum tilfellum fengið sendar frá þeim, til að mynda í gegnum snjallsímaforritið Snapchat. „Börn og unglingar verða að átta sig á því að um leið og eitthvað er farið á netið þá missum við stjórn á því,“ segir Friðrik. „Þetta er því allt spurning um forvarnir og fræðslu til unglunga.“

Ekkert sérstakt átaksverkefni er í gangi innan lögreglunnar um netöryggi unglunga. Þegar Friðrik er spurður hvort lögreglan þurfi ekki að taka þennan málaflokk fastari tókum segir hann vissulega þörf



„Börn og unglingar verða að átta sig á því að um leið og eitthvað er farið á netið

þá missum við stjórn á því. Hvort sem það er texti, mynd eða myndband.

Fríðrik Smári Björgvinsson, yfir lögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

fyrir átak í þessum málum.

„Lögreglan ein og sér getur samt ekki stemmt stigu við þessu, það þarf fleiri til. Það þarf aðgerðir í þessum efnu og það kallar á samstarf margra aðila,“ segir Friðrik Smári og bætir við að þessi síða sé ekki eitt einangrað tilvik heldur hafi lögreglan fengið tilkynningar um nokkrar sambærilegar síður.

erlabjorg@frettabladid.is

Ný stjórn útgáfufélags DV réð Hallgrím Thorsteinsson ritstjóra í gær:

# Ráðinn ritstjóri í stað Reynis

**FJÖLMIDLAR** Hallgrímur Thorsteinsson var ráðinn ritstjóri DV og dv.is á stjórnarfundum útgáfufélags DV sem fór fram síðdegis í gær. Reyni Traustasyni hefur verið viklu frá störfum. Honum er meinlegt að koma á ritstjórnarskrifstofur blaðsins og hefur verið tjáð að fjárhagur og rekstur félagsins sé til skoðunar. Hallgrímur hefur störf í dag en starfsmannafundur hefur verið boðaður með starfsfólki og blaðamönnum klukkan 9. Nokkrir blaðamenn hafa þegar sagt upp störfum í ljósi aðstæðna og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nokkrir til viðbótar séu að íhuga framhaldið. Hallgrímur segir að Þorsteinn Guðnason, sem kosinn var stjórnarformaður útgáfufélagsins á áttáfundum á föstudag,

hafi komið að máli við sig í síðustu viku og boðið sér starfið. Hann segist hafa fylgst með átökum um blaðið undanfarið og vonast til að þeim sé nú lokið. Hann vonast jafnframt til þess að sem flestir blaðamenn DV haldi áfram og segir að blaðið verði eftir á næstunni. „Eftir þetta stutta og snarpa stríð þá heldur blaðið áfram,“ segir Hallgrímur. Hann ítrekar að ritstjórnarstefnan verði óbreytt.

Fráfarandi ritstjóri, Reynir Traustason, segir í samtali við Fréttablaðið að sér hafi verið bolað út af öflum sem séu til alls líkleg. Reynt sé að hafa af honum mannorðið og gera rekstur og skrif blaðsins undanfarið trútryggileg. Hallgrímur segist gefa lítið fyrir tal um öfl í þessu sambandi. „Ég



**NÝR RITSTJÓRI** Hallgrímur segir að eftir stutt og snarpt stríð haldi blaðið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hef ekki séð skrimslið undir rúminu,“ segir hann.

Spurður hvort hann viti nákvæmlega hverjir séu í þeim hópi sem fer nú með meirihluta í DV segir Hallgrímur að hann hafi eingöngu verið í sambandi við Þorsteinn Guðnason og þekki ekki eignarhaldið til hlítar.

20% AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER

## Nicotinell

20% afsláttur af Nicotinell Mint, Icemint og Spearmint. Allar stærðir og styrkleikar.

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAYER.IS

LYFJAYER


APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

# HEIMANET NOVA



Sendum  
frítt heim!  
S: 78 12345




4G box

**990 kr.** /12 mán.

**9.990 kr.** stgr.

Verð miðað við 6 mánaða þjónustusamning  
í áskrift af 50 GB, 100 GB og 250 GB netþökkum.  
Mánaðarlegur reikningur skuldfærður á kreditkort.



**Þú stingur boxinu í samband og kemst strax í þráðlaust háhraðanet**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

# NOVA

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti: 199 kr. greiðslugjald á mán. í 12 mán. Nánar á [nova.is](http://nova.is)

SVONA ERUM VIÐ



1,4 milljónir gesta sóttu almennar sýningar leikinnna kvikmynda í fullri lengd á landinu árið 2012, eða þremur af hundraði færri en árið áður.

Það jafngildir því að hver landsmaður hafi 4,5 sinnum sótt kvikmyndasýningar á árinu.

Heimild: Hagstofa Íslands

Erfingi segir það réttlætismál að íbúðalán í dánarbúum séu leiðrétt á sama hátt og önnur íbúðalán: Íbúðalán í dánarbúum eru ekki leiðrétt

STJÓRNSÝSLA Handhafar íbúðalána í dánarbúum fá almennt ekki skuldaleiðréttingu á lánunum. Bergþór H. Þórðarson er sonur Sóleyjar Njarðvík Ingólfssdóttur sem sótti um leiðréttingu. Hún lést hins vegar fyrir skömmu, ekki svo löngu áður en niðurstaða mun berast um leiðréttinguna.

Fresturinn til að sækja um leiðréttingu stóð frá 18. maí til 1. september. Þann 11. ágúst sótti Sóley um leiðréttingu á láni á 60 fermetra íbúð sinni að Lóufelli 4 í

Reykjavík. Viku síðar féll hún frá. Bergþór sagði á Stöð 2 í gærkvöldi að þau mæðgin hefðu fengið rangar upplýsingar um rétt sinn og er ósáttur við að lög setji til dæmis engin nánari tímamörk vegna dánarbúa. Hvort mögulegur réttur til leiðréttingar fellur niður við andlát, þegar nokkrar vikur væru í að leiðrétting yrði staðfest.

Bergþór segir ekki mikið hvíla á íbúð móður sinnar og hún hafi farið hina svonefndu 110 prósentu leið og þess vegna óvíst

hvort nokkuð hefði fengist meira leiðrétt. „Þetta eru ekki há lán en réttlætiskenndin segir manni að þetta sé ekki rétt. Lánið fer ekkert þótt hún sé farin,“ segir Bergþór.

Hann telur fólk illa upplýst um þessa hlíð aðgerðarinnar og hana óréttláta. Þjónustufulltrúi þeirra mæðginanna í bankanum hafi til dæmis fullrytt að dánarbúið myndi falla undir leiðréttinguna.



ÓSÁTTUR Bergþór Þórðarson segir að réttlætiskenndin segi sér að dánarbúið myndi falla undir leiðréttinguna.



SLÖKKVILDIÐ AÐ STÖRFUM Slökkvistarfið gekk greiðlega.

Eldur í hvalasafni á Granda: Tveir fluttir á sjúkrahús

ELDSVODI „Ég veit að það er mikið sót og vatnstjón er eitt-hvert,“ segir Stella Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar Whales of Iceland, en eldur kom upp í sýningarrýminu við Fiskislóð á laugardag. Eldur kom upp í síðasta hvalalíkaninu sem setja átti upp áður en sýning yrði opnuð. Mikinn svartan reyk lagði frá húsinu og af eldinum hlaut vond lykt. Nokkuð greiðlega tókst að slökkva eldinn. Iðnaðarmenn voru við störf í sýningarrýminu og urðu eldsins varir. Talið er að kviknað hafi í út frá rafsuðu. Tveir iðnaðarmenn voru fluttir á sjúkrahús vegna minniháttar áverka.

Kræfur ökuníðingur gripinn: Borgaði 250 þúsund í sekt

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Hvolsvelli hafði hendur í hári öku-manns sem olli miklu riski með utanvegaakstri á Sólheimasandi í síðustu viku. Myndband náðist af mannum sem birt var á Vísu og vakti mikil viðbrögð. Maðurinn, sem er Bandaríkjamatur á fertugsaldri, greiddi sekt eftir að hafa fengið símtal frá lögreglunni. „Hann brást illa við,“ segir Atli Árdal, varðstjóri hjá lögreglunni á Hvolsvelli. Samkvæmt heimildum Vísu hljóðaði sektin upp á 250 þúsund íslenskra króna.

Á fjórða tug manna falla fyrir eigin hendi ár hvert

Fleiri falla fyrir eigin hendi en í slysum. Beinn kostnaður ríkisins í forvörnum gegn sjálfsvígum felst í einu stöðugildi hjá landlæknisembættinu. Til samanburðar vinnur heil deild hjá Samgöngustofu forvarnarstarf.

HEILBRIGÐISMÁL Á hverju ári fremja 33-39 einstaklingar sjálfsvíg hér á landi. Þar af eru um tveir á ári á aldrinum 15-20 ára. Til samanburðar hafa síðustu fimm ár 7-15 manns látið lífið í umferðarslysum.

Beint framlag ríkisins til sjálfsvígsforvarna felst í stöðugildi geðhjúkrunarfræðings hjá landlæknisembættinu. Á Samgöngustofu er starfrækt deild sem sinnir forvarnarstarfi. Að auki fær Samgöngustofa samkvæmt samgönguáætlun 45 milljónir króna á þessu ári sem m.a. er nýtt til gerðar og sýninga á fræðslumyndum og auglýsingum ásamt fræðslu til ungmenna.


Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur sem sinnir sjálfsvígsforvörnum hjá landlækni, segir mun fleiri falla fyrir eigin hendi en í slysum og megi þakka lægri dánartíðni í umferðarslysum góðum árangri umferðarforvarna.

„Forvarnarstarf gegn sjálfsvígum er ekki endilega nægilega sýnilegt og auðvitað mætti það vera sýnilegra. En jú, mun meiri fjármunum er veitt í umferðarforvarni,“ segir Salbjörg en bætir við að mikilvægt sé að muna að mjög alvarleg slys verði í umferðinni sem ekki eru banaslys. „En afleiðingarnar eru líka alvarlegar fyrir þann mikla fjölda sem reynir sjálfsvíg og er ekki inni í dánartölum. Auk þess er full kirkja af fólki að baki hverju sjálfsvígi, það gerir 2.500 aðstandendur á ári.“

Salbjörg segir forvarnarstarf meðal aðstandenda afar mikilvægt til að koma í veg fyrir að sjálfsvígshætta flytjist milli kynslóða. „Ef óunnin sorg og erfiðar

UMFERÐARSLYS OG SJÁLFSVÍG ÁRIÐ 2012

Umferðarslys Sjálfsvíg / tilraun



\*Upplýsingar úr skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar þar sem fram kemur að fyrir hvern einstakling sem sviptir sig lífi séu um tuttugu einstaklingar sem geri tilraun til slíks.

tilfinningar sitja lengi eftir í fólki getur það þróast út í þunglyndi eða kvíða. Þannig geta aðstandendur upplifað sjálfsvígshugsanir í kjölfar andlátsins.“

Salbjörg bendir á að þrátt fyrir að bein aðkoma ríkisins að sjálfsvígsforvörnum takmarkist við stöðu hennar sé margt gott fólk að vinna að forvörnum í samfélaginu og ríkið hafi óbeina aðkomu að öðrum verkefnum. Nefnir hún



HJÁLPARSÍMINN Helmings fjölgun varð á símtölum vegna sjálfsvíga hjá Hjálpar símanum 1717 í sumar. Vitundarvakning og opin umræða um sjálfsvíg í samfélaginu virðist valda því að fleiri leita sér hjálpar.



Full kirkja af fólki er að baki hverju sjálfsvígi, það gerir 2.500 aðstandendur á ári.

Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu

Advertisement for a course 'Verndun erfðaaauðlinda búfjár' (Protection of genetic resources of livestock) featuring D. Phillip Sponenberg.

Weather forecast section titled 'Veðurspá' showing a map of Iceland with weather icons and temperatures, and a table of international weather forecasts.



VERÐ: 2.530.000 KR.

**Mazda3 Advance** OXN64  
Skráður apríl 2013, 1,6TDi dísil, beinskiptur  
Ekinn 65.000 km. Litur: Hvítur



TILBOÐ: 1.790.000 KR.

**Citroën C3 Seduction Airdream** BAE53  
Skráður maí 2012, 1,6 HDi dísil, beinskiptur  
Ekinn 65.000 km. Litur: Dökkgrár  
Ásett verð: 1.920.000 kr.



VERÐ: 2.860.000 KR.

**Ford Focus Titanium** USL85  
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 86.000 km. Litur: Ljósgrár



VERÐ: 2.070.000 KR.

**Mazda2 Premium** OIG52  
Skráður maí 2013, 1,5i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 61.000 km. Litur: Rauður

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

## ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrar-  
kostnaðinn með **lægri eyðslu** og  
**minna viðhaldi** og eru jafnframt  
**öruggari**. Skoðaðu úrval nýlegra  
bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:  
**notadir.brimborg.is**

## LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði.  
**Nýlegir** bílaleigubílar eru af nýjustu  
gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014)  
en fást á **lægga verði**.

**Hafðu samband við ráðgjafa**  
og við gerum þér frábært tilboð.

**Nýttu tækifærið!**

## LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta  
þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör**  
**á fjármögnun** við kaup á  
nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun



Brimborg tekur allar tegundir  
bíla upp í Hagstætt uppítökverð.

**KOMDU NÚNA**



VERÐ: 1.830.000 KR.

**Ford Fiesta Trend** HDV42  
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinskiptur  
Ekinn 62.000 km. Litur: Ljósgrár

AFSLÁTTUR: 330.000 KR.



TILBOÐ: 3.990.000 KR.

**Ford Kuga Titanium** ALF95  
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 83.000 km. Litur: Ljósbrúnn  
Ásett verð: 4.320.000 kr.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 6.530.000 KR.

**Ford Explorer Limited** TGX72  
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur  
Ásett verð: 6.880.000 kr.

AFSLÁTTUR: 500.000 KR.



TILBOÐ: 8.990.000 KR.

**Volvo XC90 Momentum D5** UUV86  
Skráður des. 2012, 2,4 TDi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 56.000 km. Litur: Ljósgrár  
Ásett verð: 9.490.000 kr.

AFSLÁTTUR: 250.000 KR.



TILBOÐ: 3.340.000 KR.

**Ford Kuga Titanium** NPX65  
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 100.000 km. Litur: Ljósgrár  
Ásett verð: 3.590.000 kr.

AFSLÁTTUR: 100.000 KR.



TILBOÐ: 1.350.000 KR.

**Ford Ka Trend** GRL70  
Skráður júní 2013, 1,2i bensín, beinskiptur  
Ekinn 56.000 km. Litur: Svartur  
Ásett verð: 1.450.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.




TILBOÐ: 2.650.000 KR.

**Ford Mondeo Trend** DBU65  
Skráður maí 2011, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 78.000 km. Litur: Grár  
Ásett verð: 2.790.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**



Notaðir bílar  
- Brimborg

FYLGSTU MED  
NÝJUSTU TILBOÐUNUM

FINNDU BÍLINN  
PINN HÉR

50 ár í bílgræininni

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða vinsæli, sænski tónlistarmaður kom fram á skólballi Verzló á fimmtudaginn?
2. Hvaða íslenska kvikmynd hlaut dræma gagnrýni í The Hollywood Reporter um helgina?
3. Við hvaða vef samdi ríkið um að selja notaða lausamuni fyrir opinberar stofnanir í vikunni sem leið?

SVÖR: 1. Basshunter 2. Vonarstæti 3. Bland.is

Handtóku stærsta kannabissala í sögu New York:

## Höfðu hendur í hári dópsalans Cournoyers

**BANDARÍKIN** Hinn fransk-kanadíski Jimmy Cournoyer hefur verið dæmdur til 27 ára fangelsisvistar, en dómur féll í máli hans nýlega. Saksóknari lýsir honum sem umfangsmesta kannabissala í sögu New York-ríkis, í samtali við The New York Times í gær.

Cournoyer hefur undanfarninn áratug selt kannabisefni í New York-borg, en hann kom sér upp smyglhring sem teygði anga sína frá ökrum og verksmiðj-

um í Vestur-Kanada, í gegnum verksmiðjur í Montreal, yfir landamærin til Bandaríkjanna á verndarsvæði indjana og að lokum til dreifingar í New York.

Cournoyer, sem hefur smekk fyrir dýrum bílum og bardagaíþróttum, hafði einnig yfirumsjón með glæpastarfsemi smyglara, meðlima Hells Angels, Mexíkómanna sem sáu um peningaþvætti, kókaínsala í Kaliforníu og bófa frá Staten Island.

Öll starfsemin sem um ræðir

var upprætt fyrir þremur vikum, þegar dómur féll í máli Cournoyers, en rannsókn á málinu hafði staðið yfir í tæp sjö ár.

Cournoyer hóf ferilinn stuttu eftir aldamótin, þegar hann smyglaði kannabisefnum yfir landamærin frá Kanada á bátum og snjósleðum.

Steven L. Tiscione, saksóknari í New York, segist aldrei hafa séð jafn umfangsmikla glæpastarfsemi.

-ósk



TEYGÐI ANGA SÍNA VÍÐA Cournoyer flutti efnin flókna leið til að koma þeim til New York. NORDICPHOTOS/AFP

## Heimilis GRJÓNAGRAUTUR



Alveg mátulegur



VANDI Styrkjakerfið hefur orðið til þess að stærð fjárstofns er ekki í takti við beitarþol jarða.

MYND/SVEINN

## Landnýting langt í frá að vera sjálfbær

Landgræðslustjóri tekur undir að styrkjakerfi landbúnaðarins valdi gróður- og jarðvegseyðingu á vissum svæðum, eins og OECD bendir á í nýrri umhverfisskýrslu. Virkjanaframkvæmdir hafa skyggt á landeyðingu sem umhverfisvanda.

**UMHVERFISMÁL** „Ég tek heilshugar undir það að landbúnaðarstyrkirir hvetji til aukins fjölda fjár sem valdi beitarvandamálum og þar með gróður- og jarðvegseyðingu á vissum svæðum,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri um þá staðhæfingu í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að landeyðing sé ein af helstu áskorunum Íslands, og sé vandamál sem knúði er áfram af styrkjakerfi í landbúnaði. Skýrslan fjallar um stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi frá 2001 til dagsins í dag.

Sveinn segir að með búvörusamningi ársins 2000 um framleiðslu sauðfjárafurða hafi komið inn ákvæði um gæðastýringu, sem hafi verið framfaraspor um landnýtingu. Ákvæðið um hvað taldist vera sjálfbær landnýting var hins vegar ákaflega vægt, sem þýddi að með því að gera landbóta- og landnýtingaráætlanir fengu nánast allir svokallað gæðastýringarálag sem

viðbótargreiðslu fyrir framleiðslu sína og það jafnvel þó að það þýddi að landnýtingin gæti ekki talist sjálfbær. Um nýliðin áramót hafi verið gefin út reglugerð sem kveður skýrar á um viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Þau viðmið eru strangari en var.

„Við vonumst til að þetta leiði til þess að landnýting verði sjálfbær á miklu fleiri afreittum og heimalöndum en verið hefur,“ segir Sveinn og svarar því játandi að gróður- og jarðvegseyðing sem umhverfismál hafi horfið í umræðunni vegna áherslu á virkjanaframkvæmdir. „Þær hafa yfirskyggt þennan málaflokk og okkur hefur ekki tekist að koma upplýsingum á framfæri um hvað staðan er alvarleg. Við teljum að meira grói upp en eyðist á hverju ári en því miður er það sennilega hlýnandi veðráttu að þakka, en ekki mannshendinni,“ segir Sveinn.

En hvernig þarf að bregðast við, vilji menn taka skýrsluhöfunda OECD alvarlega? Sveinn telur að



Styrkjakerfið hefur leitt til þess að stór fjárbú hafa risið á jörðum sem hafa ekki beitarþol fyrir stóran bústofn.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri

ójafnvægið á milli styrkja og mót-vægisáðgerða verði að jafna; draga úr styrkjum og auka fé til landbóta.

„Við höfum kannski liðlega helming þeirrar fjárveitingar sem væri úr að móða með eðlilegri þróun fjárveitinga frá 2007. Þetta hefur dregið gríðarlega úr framkvæmdum, þó við höfum reynt að láta ýmis verkefni halda sínu striki,“ segir Sveinn.

svavar@frettabladid.is

Amnesty International vekur athygli á pyntingum í Mexíkó:

## Pyntingar stundaðar reglulega

**MEXÍKÓ** Á síðustu tíu árum hafa pyntingar og önnur ill meðferð á fólki sexfaldast í Mexíkó. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Amnesty International.

Í skýrslunni segir að á árunum 2010 til 2013 hafi meira en sjö þúsund manns tilkynnt pyntingar til mannréttindanefndar Mexíkó.

Her og lögregla landsins eru sögð stunda pyntingar reglulega til þess að fá fram játningu eða upplýsingar frá einstaklingum sem eru grunaðir um glæpi, jafnvel þótt þær játningar eða upplýsingar séu einatt harla óreiðanlegar.

Þeir sem eru handteknir geta átt von á öllu frá raflosti til kæfingar með plastpoka, barsmíða og nauðgana.

Amnesty International hefur í rúmlega fimm áratugi rannsakað og skrásett pyntingamál í Mexíkó.

Pyntingar voru algengar þar í landi á árunum 1964 til 1982 þegar reynt var að bæla niður alla pólitíska andstæðinga eða vopnaða hópa.



MÓTMÆLI Í MEXÍKÓ Liðsmenn Amnesty International vöktu athygli á nýju skýrslunni í Mexíkóborg í síðustu viku.

NORDICPHOTOS/AFP

Amnesty segir það sérstakt áhyggjuefni að stjórnvöld í Mexíkó virðist ekki viljug til að taka af alvöru og festu á vandanum.

-gb

## Gítarnámskeið

Skráning er hafin

Einkatímar  
40 mín. tímar 1x í viku | 12 vikur

Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna á öllum aldri.

Skráning í síma 581 1281  
gitaraskoli@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is



Ábendingahnappinn má finna á  
www.barnaheill.is



SAFT





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

VELDU ÞÉR  
~ SKEMMTILEGT ~  
AKSTURSLAG



## NÝR YARIS

Nýr og breyttur Yaris heldur í við framtíðina með snjallri hönnun að innan sem utan. Háþróað margmiðlunarkerfi, nýr 7" skjár og bakkmyndavél ásamt öflugum öryggisbúnaði eru umgjörðin fyrir þitt uppáhalds aksturslag. Hagkvæm eldsneytisnotkun og minni CO<sub>2</sub> útblástur fellur lipurlega að afslöppuðum akstri hvort sem þú velur **bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna**. Líttu inn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skoðaðu, reynsluaktu og taktu lagið á nýjum Yaris.

Verð frá 2.690.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Björgunarsveitir kallaðar út: Kona slasaðist í Forsæludal

**SLYS** Björgunarsveitir í Húnavatnssýslu voru kallaðar út fyrir hádegi í gær þegar sækja þurfti konu sem meidd hafði á hné. Hún var þá stödd ofan við Forsæludal í Vatnsdal og bera þurfti hana um 200-300 metra leið í fjalllendi til að koma henni í sjúkrahúsi.

Fyrsti hópur björgunarmanna, ásamt sjúkralutningamanni, var kominn að konunni rétt fyrir klukkan 12 og um hálf tíma síðar var hún komin í sjúkrahúsi.

- kt

# Búist er við að Obama Bandaríkjaforseti kynni áætlun um aðgerðir gegn Íslamska ríkinu í vikunni: Reyndu að ná valdi yfir stærstu stíflu Íraks

**ÍRAK, AP** Bandarískar herþotur gerðu í gær loftárásir á vígamenn Íslamska ríkisins nærri Haditha-stíflunni í Anbar-héraði í Írak. Samkvæmt íröskum og bandarískum embættismönnum ætluðu vígamennirnir sér að ná valdi yfir stíflunni, sem er önnur stærsta vatnsaflsstífla landsins. Hún sér milljónum manna, meðal annars íbúum höfuðborgarinnar Bagdad, fyrir bæði rafmagni og ferskvatni. Samkvæmt tilkynningu frá bandaríska hernum hæfðu loft-

skeyti þeirra sex farartæki sem vopnuð voru öflugum hríðskotabyssum. Þar segir einnig að árásin hafi verið gerð að beiðni stjórnvalda í Írak. Liðsmenn Íslamska ríkisins hafa áður beint sjónum sínum að vatnsaflsvirkjunum en þær eru afar mikilvæg hernaðarleg skotmörk. Í síðasta mánuði náðu þeir valdi á Mósul-stíflu og þurfti þá loftárásir Bandaríkjamanna til að bregða þeim á flótt. Böðullinn sem tók blaðamanninn James Foley af lífi nýlega vísaði

í loftárásir Bandaríkjamanna við Mósul-stíflu áður en Foley var afhöfður og sagði að hefnt yrði fyrir öll afskipti Bandaríkjamanna af málefnum Íslamska ríkisins. Búist er við að Obama Bandaríkjaforseti muni í vikunni kynna áætlanir um hvernig hann hyggist taka á Íslamska ríkinu. Talið er að þar muni loftárásir gegna lykilhlutverki sem og stóruakið samstarf og stuðningur við Kúrda í norðurhéruðum Íraks.

- að



**OBAMA KOMINN HEIM** Bandaríkjaforseti kom heim úr opinberri heimsókn til Tallinn og Wales í gær. NORDICPHOTOS/AFP



## EVANS hreinlætisvörurnar eru nú fáanlegar í Rekstrarlandi

EVANS hreinlætisvörurnar henta mjög vel fyrir kúa-, svína- og alifuglabændur, sem og fisk- og matvælavinnslur. Vörurnar frá EVANS eru í fremsta gæðaflokki enda eru þær unnar eftir vottuðum aðferðum skv. ISO gæða- og umhverfisstöðlum. Hjá Rekstrarlandi fá bændur auk þess allar aðrar rekstrarvörur fyrir landbúnað.

**Aðrir dreifingaradilar:** Olís útibú, KB - Búrekstrardeild, Borgarnesi og Pálmi Ragnarsson - Garðakoti, Skagafirði.



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Öliuverzlunar Íslands hf.

[www.rekstrarland.is](http://www.rekstrarland.is)

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



**SÁTTIR SJÁLFSTÆÐISSINNAR** Alex Salmond og stuðningsmenn hans njóta meira trausts hjá kjósendum í Skotlandi en leiðtoga sambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Hnífjafnt hjá Skotum í nýrri könnun

Sjálfstæðissinnar í Skotlandi bæta enn við sig fylgi. Traust kjósenda til leiðtoga þeirra er meira en traust til leiðtoga sambandsins. Koskið verður um sjálfstæði landsins eftir tíu daga.

**SKOTLAND, AP** Fimmtíu og eitt prósent kjósenda í Skotlandi segist vilja að landið verði sjálfstætt, samkvæmt könnun sem dagblaðið The Sunday Times birti í gær. Fjörutíu og níu prósent vilja halda sambandinu við Bretland. Það er enn frekara áhyggjuefni fyrir sambandsinnar að leiðtogi þeirra, Alistair Darling, nýtur minna trausts en leiðtogi sjálfstæðissinna, Alex Salmond. Um 40 prósent kjósenda segjast treysta Salmond en aðeins 30 prósent Darling. Stjórnmalaskýrendur benda á að þrátt fyrir að nánast enginn marktækur munur sé nú á fylgi fylkinganna samkvæmt könnuninni séu skýr merki um að fylgi sjálfstæðissinna sé í uppsveiflu. Þetta er í fyrsta sinn sem sjálfstæðissinnar leiða í könnunum. Það eru aðallega konur, kjósendur undir fertugu og láglaunafólk sem hefur skipt um skoðun og vill nú sjálfstæði, samkvæmt YouGov sem gerði könnunina.

„Þessi tímamótakönnun sýnir að Já-hreyfingin hefur vindinn í bakið, en við höfum enn mikið verk að vinna ef við ætlum að sigra í kosningunum,“ segir Nicola Sturgeon, einn af leiðtogum sjálfstæðissinna. „Fleiri og fleiri eru að átta sig á því að atkvæði greitt sjálfstæði gefur tækifæri til þess að nýta auðlindir landsins betur í þágu þeirra sem búa hér. Skapa fleiri störf og verja mikilvæga grunnþjónustu, eins og heilsugæsluna, sem stjórnmalámennt í London vilja einkavæða,“ bætir hún við.

Alistair Darling benti á að skoðanakönnunum síðustu daga bæri ekki alveg saman. Til dæmis birtist önnur skoðanakönnun í gær sem



„Þessi tímamótakönnun sýnir að Já-hreyfingin hefur vindinn í bakið, en við höfum enn mikið verk að vinna ef við ætlum að sigra í kosningunum.“

Nicola Sturgeon, einn af leiðtogum sjálfstæðissinna

sýndi sambandsinnar með fjögurra prósentustiga forskot. „En skilaboðin sem ég tel birtast í þessu eru skýr: Ef þú vilt að Skotland verði áfram hluti af Bretlandi, þá verður þú að kjósa. Aðskilnaður er endanlegur. Þessar skoðanakönnanir eru áminning til allra þeirra sem héldu að úrslitin væru ráðin. Það var og verður ekki þannig.“

Stjórnvöld í London, sem vilja eindregið halda sambandi við Skota, voru fljót að bregðast við með útspli sem sagt er að eigi að höfða til óákveðinna kjósenda. George Osborne fjármálaráðherra kynnti hugmyndir um að færa skoska þinginu aukið fjárveitingaval.

„Við munum kynna þær hugmyndir frekar á allra næstu dögum,“ sagði Osborne í viðtali á BBC í gær. Hann ítrekaði í viðtalinu að Skotum stæði ekki til boða að halda breska pundinu ef þeir kysu sjálfstæði. En gjaldeyrismál munu vega þungt í huga margra kjósenda þegar gengið verður til atkvæða þann 18. september næstkomandi.

andri@frettabladid.is

## Tækifæri í september



**SIEMENS - Þvottavél**  
WM 14K2S8DN

Vindur upp í 1400 sn./mín.  
Sérkerfi: Útifatnaður, skyrtur, húðverndarkerfi og fleiri kerfi.

**Tækifærisverð:**  
**119.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 154.900 kr.)



**SIEMENS - Þurrkari**  
WT 46E305DN

Gufubétting, enginn barki.  
Sérkerfi: Hraðkerfi 40 mín., blandaður þvottur, útifatnaður og fleira. Krumpuvörn í lok kerfis.

**Tækifærisverð:**  
**119.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 149.900 kr.)



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)



# HÖRKUTILBOÐ

8.-12. SEPTEMBER

**DEWALT**

- á heima hjá Sindri -

DCD990M2

## 18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2\*4,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 80 Nm  
Þyngd: 2,08 kg  
Gírar: 3  
LED ljós

Tökum eldri borvélar  
upp í fyrir 15.000,-



Verð með uppitöku  
**64.900** m/vsk.  
Fullt verð 79.900

DCD995M2

## 18V KOLALAUS HLED SLUBORVÉL

Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2\*4,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 80 Nm  
Þyngd: 2,13 kg  
Gírar: 3  
LED ljós

Tökum eldri borvélar  
upp í fyrir 15.000,-



Verð með uppitöku  
**70.900** m/vsk.  
Fullt verð 85.900

DCS380N

## 18V SVERÐSÖG

Afl: 560W  
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu  
Hraði: 0-2.950 slög/mín.  
Þyngd: 2,7 kg  
Flýtilosun á blaði  
Lengd: 425 tmm

Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 49.900



DCS331N

## 18V STINGSÖG

Afl: 400W  
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu  
Hraði: 0-3.000 slög/mín.  
Þyngd: 2,4 kg  
Flýtilosun á blaði  
Strokulengd: 26 mm

Tilboðsverð  
**36.900** m/vsk.  
Fullt verð 49.900



DW088

## 2JA LÍNU LASER

Sá allra vinsælasti  
Virkar núna með móttakara  
Þyngd: 0,46 kg  
3\*AA rafhlöður  
Veggfesting  
Nákvæmni: +/- 0,3 mm/m

Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 39.900



DCS391N

## 18V HJÓLSÖG

Afl: 460W  
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu  
Hraði: 3.700 sn./mín.  
Þyngd: 3,2 kg  
Skurðargeta við 90°: 55 mm  
Blaðstærð: 165 mm

Tilboðsverð  
**34.900** m/vsk.  
Fullt verð 49.900



DW770

## GEIRUNGSSÖG

Afl: 1600W  
Snúningshraði: 6.300 sn./mín.  
Blaðstærð: 216 mm  
Mesti halli: 48°  
Geirungur (hægri/vinstri): 50/50  
Taska fylgir

Tilboðsverð  
**54.000** m/vsk.  
Fullt verð 69.900



DWS780

## GEIRUNGSSÖG

Afl: 1675W  
Snúningshraði: 1.900-3.800 sn./mín.  
Blaðstærð: 305 mm  
Mesti halli: 48°/49°  
Geirungur (hægri/vinstri): 60°/50°  
Taska fylgir

Tilboðsverð  
**172.000** m/vsk.  
Fullt verð 189.900



DE7023

## LÉTT OG ÞÆGILEGT BORD FYRIR ALLAR GERÐIR GEIRUNGSSAGA

Lengd: 1,9-3,9 m  
Burðargeta: 227 kg

Tilboðsverð  
**33.900** m/vsk.  
Fullt verð 44.900



DCK891M4

## 18V HLED SLUSETT MEÐ 8 VÉLUM

DCD985 borvél  
DCF885 herslúvél  
DCH253 SDS höggborvél  
DCG412 slápirokkur  
DCS391 hjólsög  
DCS380 sverðsög  
DCL040 ljós  
DCR017 útvarp

Tilboðsverð  
**319.900** m/vsk.  
Fullt verð 413.077

ÚTVARP FYLGIR



## Smábátasjómenn vilja veiða: Fjöldmörg rök fyrir krókaveiði

**VEIÐAR** Smábátafélagið Klettur skorar á stjórnvöld að heimila áframhaldandi krókaveiðar á makríl. Í tilkynningu frá félaginu segir að fyrir því séu fjöldmörg rök.

Fyrir utan aukna verðmætisköpun skapi veiðarnar um 500 manns atvinnu. Makrillinn sé hér í ætisleit og hafi í miklu magni haldið sig á og við uppeldissvæði helstu nytjastofna. „Það er hætt við að ungvíði okkar helstu nytjategunda eigi sér litla von,“ segir í tilkynningunni. -a6

## Átök brutust út um helgina á milli stríðandi fylkinga í Úkraínu þrátt fyrir nýumsamið vopnahlé: Vopnahlé entist varla út einn sólarhring

**ÚKRAÍNA, AP** Uppreisnarmenn og úkraínski herinn skiptust á skotum alla helgina á nokkrum stöðum í austurhluta Úkraínu þrátt fyrir að blekið væri varla þornað á samkomulagi um vopnahlé sem undirritað var fyrir helgi. Vopnahléið var undirritað á föstudag og virtist ætla að halda fyrri hluta laugardags. En seinnipartinn urðu þær vonir að engu þegar uppreisnarmenn hófu stórskotaárás á varnarlínu úkraínska hersins í borginni Mariúpól. Einn óbreyttur borgari lést í þeirri skothríf. Samtökin Amnesty International gagnrýndu deiluaðila harðlega í yfirlýsingu í gær og vísuðu í nýlega skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum þar sem segir að um tvö þúsund og

sex hundruð óbreyttir borgarar hafi fallið í átökum í Úkraínu það sem af er.

Evrópusambandið hefur ákveðið að herða refsiaðgerðir sínar gegn Rússum. Aðgerðirnar eiga að taka gildi í dag, nema Rússar samþykki að draga herlið sitt til baka frá austurhluta Úkraínu. Refsiaðgerðirnar fela meðal annars í sér að ferðafrelsi háttsettra embættismanna verður takmarkað enn frekar og eignir þeirra frystar. Þá verður aðgangi Rússa að olíumörkuðum skert sem og að vopnaframleiðendum. Rússar segjast munu bregðast við með afgerandi hætti verði frekari viðskiptaþvinganir Evrópusambandsríkja samþykktar. -a6



**ALLT Í RÚST** Eldri kona virðir fyrir sér heimili sitt sem varð fyrir sprengjuárás uppreisnarmanna í Slavíans. NORDICPHOTOS/AFAP

Sjáðu hvað **SIMS** hafa þróast!

**GAME STÖÐIN**

KRINGLAN OG SMÁRALIND  
591 5300 · GAMESTODIN.IS



**AKRAFELL** Unnið er að því að meta hversu mikið tjón varð á skipinu.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON




## OKKAR STYRKUR - YKKAR STYRKUR

Sjúkráþjálfun Styrkur - Höfðabakka 9 - sími: 587 7750

[www.styrkurehf.is](http://www.styrkurehf.is)

Í heilsurækt Sjúkráþjálfunar Styrks er haustdagskráin að hefjast í rúmgóðum og björtum húsakynnum að Höfðabakka 9



Auður Hólmfríður Sigrún Arnar Már Baldur Einar Örn Erla María Ásta Margrét

### VEFJAGIGTARHÓPAR FYRIR KONUR

Sigrún og María sjúkráþjálfarar

kenna þessa leikfimi sem byggir á úthaldi, liðleika, styrk, jafnvægi og slökun.

### DAGSKAMMTUR

Baldur, Einar Örn og Arnar Már

leiða 30 mínútna kröftuga og fjölbreytta stöðvápjálfun fyrir konur og karla í hádeginu.

### HEILSUGRUNNUR

Erla og María sjúkráþjálfarar

bjóða upp á nýtt þjálfunarræði fyrir einstaklinga sem ekki hafa fundið sér þjálfun við hæfi. Fræðsla og góð leiðsögn.

### PILATES

Margrét pilateskennari

Frábærar 50 mínútna styrktaræfingar í hádeginu. Æfingar sem þjálfar djúpvöðva líkamans.

### HJARTA- OG LUNGNÁHÓPAR

Auður sjúkráþjálfari

sér um þjálfun þessa hóps ásamt blóðþrýstings, púls- og metunarmælingum, reglubundnum eftirliti og fræðslu.

### FÆRNI- OG JAFNVÆGISHÓPUR

Hólmfríður sjúkráþjálfari

sér um þjálfun aldraðra með byrjandi færnisferðingum og jafnvægisleysi.

### TÆKJASALUR

mánaðarkort / árskort í vel útbúnum tækjasal

Einstaklingsmiðuð þjálfun ásamt reglulegum árangursmælingum og eftirlitni sjúkráþjálfara

### JÓGA

Ásta jógakennari

kennir jóga sem eflir einbeitingu, bætir öndun og eykur styrk, liðleika og jafnvægi líkamans. Byrjenda- og framhaldshópar, vefjagigtarjóga og krakkajóga.

## Tjónið óljóst

Forstjóri Samskipa, Pálmar Óli Magnússon, segist enga hugmynd hafa um hversu mikið tjón hafi orðið þegar flutningaskipið Akrafell strandaði á laugardag.

**BJÖRGUN** „Ég hef enga hugmynd um hvert tjónið er. Það er of mörgum spurningum ósvarað,“ segir Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa, um Akrafell, flutningaskip Samskipa sem strandaði undan Vattarnesi að morgni laugardags. Skipið liggur nú við bryggju á Eskifirði. „Það er eitthvað í að það verði náð utan um allt saman, en það var mikil lukka að ekki fór verr og engin mannskaði varð,“ heldur Pálmar áfram og segir ákveðnum áfanga náð nú þegar skipið er komið í höfn.

„Hættan er minni nú, en þegar skipið lá ennþá úti. Og nú miðast allar aðgerðir við að tryggja frekar ástand þess og farmsins og tryggja stöðugleika skipsins. Nú munu menn fara og kafa þarna og skoða betur botninn á skipinu. Það verður svo farið inn í það og menn skoða það sem hægt er að skoða og leggja mat á hvað það er sem þarf að gera til að ná að losa farminn. Svo væntanlega verður skipið gert klárt til að flytja það annað og gera við það, ef það er



**PÁLMAR ÓLI MAGNÚSSON**

hægt,“ útskýrir hann.

„Nú erum við komnir í betri aðstöðu til að meta tjónið og næstu skref. En þetta verður rannsakað, það er að segja hvað olli strandinu. Það verða væntanlega skýrslutökur af áhöfn og sjópróf eins og er hefðbundið við svona aðstæður. Sú rannsókn mun vonandi leiða í ljós hvað það var sem gerðist.“

Pálmar segist þakklátur öllum þeim sem tóku þátt í aðgerðunum til þess að koma skipinu í var. „Nú fyrst er hægt að byrja að meta tjónið og hver verða næstu skref. Það er erfitt að segja hvað það mun taka langan tíma, en verður alveg örugglega næsta vika og eitthvað lengur, þar sem verður unnið áfram við skipið og farminn á Eskifirði. En það liggur svo sem ekkert fyrir í þeim efnum.“

[olof@frettabladid.is](mailto:olof@frettabladid.is)



**UM BORD Í ADALSTEINI** Skipverjum á Akrafelli var bjargað um bord í Adalsteini Jónsson, þar sem hlúð var að þeim.

MYND/BJÖRN GUNNAR RAFNSSON

Kynnið ykkur fjölbreytta þjálfunarmöguleika og faglega leiðsögn á [www.styrkurehf.is](http://www.styrkurehf.is)

Forseti bæjarstjórnar Norðurljósingar er ósáttur við yfirlýsingar bæjarstjórnar á Akureyri og segir þær skaðlegar fyrir samskipti:

# Akureyringar gagnrýna val á staðsetningu sýslumanns

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Akureyrarbær gagnrýnir boðaðar breytingar innanríkisráðuneytisins sem fela í sér að aðalskrifstofa sýslumanns færast til Húsavíkur. Akureyrarbær telur aðalskrifstofuna eiga heima á Akureyri sökum fjöldans sem þar býr. „Galín yfirlýsing,“ segir Friðrik Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Norðurljósingar.

Hugmyndir innanríkisráðuneytisins fela í sér breytingar á sýslumannsembættum landsins. Aðalskrifstofa sýslumanns flyst frá Akureyri og verður staðsett á Húsavík. Hins vegar verða sýsluskifstofur starfandi á Akureyri, Siglufirði og á Dalvík.

Þetta er liður í að fækka sýslumannsembættum sem innanríkisráðuneytið tilkynnti fyrir stuttu.

Þetta sættir Akureyrarbær sig ekki við og hefur sent formlega athugasemd vegna þessa. Leggur Akureyrarbær áherslu á að aðalskrifstofa sýslumanns verði staðsett á Akureyri. „Ekki verður annað séð en að meginmarkmiðum verði best náð með því að staðsetja aðalskrifstofur sýslumanns á Akureyri. Þjónusta við borgarana er tryggð með því að hafa aðalskrifstofur á þeim stað þar sem mestur fjöldi íbúa er en Akureyri er langfjölmennasta sveitar-

félagið í umdæminu,“ segir í athugasemd Akureyrarbæjar.

Friðrik minnir á að Akureyrarbær hafi ekki haft uppi sömu varnaðarorð þegar ákvörðun var tekin um flutning Fiskistofu frá höfuðborgarsvæðinu. „Þetta er svartur blettur á norðlenska samvinnu sveitarfélaga,“ segir Friðrik. „Það orkar tvímælis að vilja fá stofnanir norður á Akureyri en berjast gegn því að stofnanir séu fluttar til Húsavíkur. Það sýnir að Akureyringar telja sig aðeins geta sótt þjónustu í aðra áttina.“

Hann segir þetta ekki vera gæfuspor í samskiptum sveitarfélaganna.



**SÝSLUMADURINN** Akureyringar sætta sig ekki við að sýslumaður flytji til Húsavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJÉTUR



**ANDERS BEHRING BREIVIK** Fjöldamorðinginn norsk. NORDICPHOTOS/AFP

Breivik skrifar bréf:

## Vill stofna fasistaflokk

**NOREGUR** Norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik, sem situr í fangelsi fyrir að myrða 77 manns árið 2011, vill nú ólmur stofna norskan fasistaflokk.

Þetta kemur fram í 34 blaðsíðna bréfi, sem fréttastofan AFP hefur undir höndum. Í bréfinu krefst hann þess að norska dómsmálaráðuneytið aflétti þeim hindrunum sem eru í vegi fyrir því að hann geti stofnað „Norska fasistaflokkinn“ og samtök sem hann nefnir „Norræna bandalagið“.

-gb



**FORSETINN** Ríkisráðsfundur fer fram á Bessastöðum klukkan ellefu.

FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Línur lagðar fyrir veturinn:

## Ríkisráð fundar á Bessastöðum

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisráðsfundur verður haldinn á Bessastöðum klukkan ellefu í dag. Ríkisráð mynda forseti Íslands og ríkisstjórnin. Í reglum um ríkisráð segir að það sé skipað öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar og forseta Íslands sem jafnframt er forseti ríkisráðsins. Auk þess er ríkisráðsritari á fundum ríkisráðsins.

Þá segir að forseti ákveði fundi ríkisráðs eftir tillögum forsætisráðherra og stýri fundunum. Forseti getur einnig boðað til fundar án þess að fyrir liggi tillaga frá forsætisráðherra, ef hann telur það óhjákvæmilega nauðsynlegt.

-jhh

## ÞING SETT Á ÞRIÐJUDAG

### Séra Guðrún Helgudóttir predikar við þingsetningu

Séra Guðrún Karls Helgudóttir, prestur í Grafarvogskirkju, predikar þegar Alþingi verður sett á þriðjudag. Séra Hjálmar Jónsson, sóknarprestur í Dómkirkjunni, þjónar fyrir altari ásamt biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur. Organisti Dómkirkjunnar, Kári Þormar, leikur á orgel og kammerkór Dómkirkjunnar syngur við athöfnina. Eftir guðsþjónustu ganga svo forseti Íslands, biskup Íslands, ráðherrar og þingmenn yfir í Alþingishúsið þar sem þingsetning mun fara fram.


# Alþjóðlegur dagur sjúkráþjálfara

## 8. september

Sjúkráþjálfarar eru sérhæfðir í hreyfigreiningu, þjálfun og forvörnum. Þeir greina hreyfivanda og annan vanda sem aftrar fólki frá því að vera virkt og sjálfstætt. Þeir finna leiðir fyrir fólk til aukinnar þátttöku með meðferð, endurhæfingu, þjálfun og hvatningu.

Tæplega 600 sjúkráþjálfarar starfa á sjúkra- og endurhæfingarstofnunum, hjúkrunarheimilum, á einkareknum starfsstofum sjúkráþjálfara og hjá íþróttafélögum.

Sjúkráþjálfarar sinna árlega um 50 þúsund landsmönnum um allt land, frá rúmleggjandi sjúklingum til afreksíþróttamanna.



# GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

**VW Tiguan** Trend&Fun TDI  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 54.000 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 4.750.000**

**Tilboð: 4.150.000**



**VW Polo** 1.4 Comfortline  
85 hö. Árgerð 2010, bensín  
Ekinn 57.000 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 1.850.000**



**VW Polo** 1.4 Comfortline AT  
Árgerð 2012, bensín  
Ekinn 48.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 2.250.000**



**VW Golf** 1.4 Trndline TSI AT.  
Árgerð 2011, bensín  
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 2.290.000**



**VW Golf** TDI Trendline  
Árgerð 2011, dísil  
Ekinn 86.000 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 2.390.000**



**VW Jetta** Highline 1.4  
Árgerð 2012, bensín  
Ekinn 28.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.290.000**



**VW Tiguan** Track&Style  
2.0 TDI. Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 29.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 5.390.000**  
**Tilboð: 5.100.000**



**Skoda Octavia** Combi Amb.  
TDI 2.0 4x4 MT. Árg. 2012, dísil  
Ekinn 79.500 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 3.670.000**



**Skoda Fabia** Amb. 1.6 TDI  
Árgerð 2013, dísil  
Ekinn 17.000 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 2.690.000**



**Skoda Rapid** Amb. 1.2 TSI  
86 Hö. Árgerð 2013, bensín  
Ekinn 35.000 km, beinskiptur  
**Ásett verð: 2.590.000**

**Kíkið inná:**  
**heklanotadibirar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**



**NOTAÐIR  
BÍLAR**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga kl. 12-16



ÁTVR Þann 1. júní síðastliðinn tóku gildi lög sem leiddu meðal annars til lækkunar á áfengisgjaldi. Verð á einum hálfis lítra bjór, sem er fimm prósent að styrkleika, lækkaði þá um eina krónu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Svíar borga minna en við

Áfengisverslun sænska ríkisins selur íslenska bjórinn Brío á um hundrað krónum lægra verði en Vínbúðirnar á Íslandi. Mishátt áfengisgjald er talið skýra verðmuninn.

**VERSLUN** Bjórinn Brío er um hundrað krónum ódýrari í áfengisverslun sænska ríkisins en í verslunum ÁTVR. Hér kostar lítil flaska af bjórnum 329 krónur en 233 krónur í Svíþjóð.

Brío hefur verið seldur í áfengisverslun sænska ríkisins, Systembolaget, frá síðustu mánaðamótum. Hann er bruggaður hér á landi af Borg brugghúsi sem er í eigu Ölgerðarinnar.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir það líklegt að áfengisgjöld og aðrir skattar séu lægri í Svíþjóð sem skýri verðmuninn á milli landanna.

„Ég held að álagningin sé samþærileg á milli landa á heildsölugstiginu en eftir því sem ég best veit eru meiri álögur hér en í flestum öðrum löndum. Heilt yfir fara tveir þriðju af útsöluverði bjórs til ríkisins með einum eða öðrum hætti. Það felst í áfengisgjöldum, virðisaukaskatti og álagningu ÁTVR,“ segir Andri og heldur áfram:

„Ef við tökum ýktasta dæmið þá fara um 90 prósent af verði Tindavodka til ríkisins. Ég held að ég geti fullyrt að það sé ekkert annað ríki með álíka álögur á áfengi. Þetta gerir það að verkum að verð á milli landa er ekki samanburðarhæft.“

Örn Héðinsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts brugghúss, sagði í Fréttablaðinu í október síðastliðnum að áfengisgjöld ríkisins hefðu



„Ég held að ég geti fullyrt að það sé ekkert annað ríki með álíka álögur á áfengi. Þetta gerir það að verkum að verð á milli landa er ekki samanburðarhæft.“

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

ýtt fyrirtækinu út í aukinn útflutning. Markaðurinn hér heima væri orðinn hamlandi sökum skattþvinga.

Andri segir áfengisgjöldin ekki hafa stuðlað að auknum útflutningi Ölgerðarinnar.

„Útflutningsáætlun okkar byggir eingöngu á okkar áhuga á að vaxa og þessir bjórar frá Borg eru að vekja mikla athygli.“

Brío var þróaður í samstarfi við Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Verðmunurinn kom Kormáki Geirharðssyni, eiganda Ölstofunnar, á óvart þegar blaðamaður hafði samband við hann.

„Ég vissi ekkert af þessu og finnst þetta skrítið. Ég vildi gjarnan að Brío væri hundrað krónum ódýrari hérna heima,“ segir Kormákur.

haraldur@frettabladid.is



**ENNPÁ VON**  
Þessi unga kona er sýkt af ebóluefirrunni og er nú á spítala sem rekinn er af Læknum án landamæra í Monróvíu. NORDICPHOTOS/AFP

Jákvæðar fréttir af þróun bóluvefnis gegn ebólu:

## Apar gerðir ónæmir

**HEILBRIGÐISMÁL** Bóluefni gegn ebólu sem er enn á tilraunastigi lofar góðu, samkvæmt nýrri rannsókn sem birtist í gær. Rannsóknin, sem var birt í Nature Medicine, sýndi að bóluefni svipað því sem GlaxoSmithKline er með í þróun gerði apa ónæma fyrir ebólu í að minnsta kosti fimm vikur. Rannsóknin sýndi líka að með því að blanda bóluefnið með öðrum þekktum bóluefnum var hægt að lengja ónæmistímabilið upp í tíu mánuði.

Þetta þykja afar jákvæð tíð-

indi og lofa góðu um framhaldið. Nokkur af stærstu lyfjafyrirtækjum heims vinna að þróun á bóluefni gegn ebólu. GlaxoSmithKline er komið einna lengst en vísindamenn á vegum lyfjafyrirtækisins hófu að prófa bóluefni á heilbrigðum sjálfboðaliðum síðasta þriðjudag. Önnur fyrirtæki geta ekki hafið slíkar tilraunir fyrr en snemma á næsta ári.

Afar mikið er í húfi því um tvö þúsund manns hafa látist af völdum ebólu í faraldrinum sem nú geisar.

- að



25%

**Animal Parade - tuggutöflur sem bæta og kæta!**



25%

**Higher Nature - hágæða bætiefnalína.**  
Fæst eingöngu í Heilsuhúsinu.

# HAUST-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA TIL 14. SEPT.

25%



**Guli miðinn**

- bætiefnin sem allir þekkja!



**Solaray**

- hrein og virk bætiefni.

25%



25%

**4 sigma sveppa te**

Ævafornt heilsubætandi töfrate!



25%

**Cocowell Lífrænt kókосvatn**

- íþróttadrykkur móður náttúru!

25%



**Terranova- hámarks vellíðan!**

Nýtt í Heilsuhúsinu.

40%



**Latabæjarvítamínin - fyrir káta kroppa!**

1.990 KR.

**Tilboðspakning. Yogi Detox og Classic**  
ásamt Yogi tea cup 2 go og strigatösku. Sniðug tækifærissgjöf!



**CC Raw hempfræ**  
- frábær próteingjafi

20%



**Biona hempolía**  
- frábær fyrir excem!

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



**Heilsuhúsið**

1979

LAUGAVEGI

LÁGMÚLA

KRINGLUNNI

SMÁRATORGI

SELFOSSI

AKUREYRI

REYKJANESBÆ

Brýn mál bíða og mega ekki hverfa í karpinu:

## Stóru verkefni

**Á** morgun snúa kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi aftur til starfa eftir sumarfrí. Það gekk ýmislegt á fyrsta ár þessa þings – og venju samkvæmt finnst mörgum alltof mikill tími hafa farið í karp og þvaður á meðan mikilvæg mál voru látin sitja á hakanum. Ríkisstjórn og þingmenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, þurfa nú nauðsynlega að líta í eigin barm. Staðan er nefnilega þannig að við höfum ekki efni á frekari sundurlyndi meðal stjórnmalamanna okkar. Fyrir ríkisstjórn og þingi liggja brýn úrlausnarefni, mál sem hafa afgerandi áhrif á framtíð okkar í þessu landi – það hafa þau eflaust áður gert – en á þessum síðustu og verstu virðast þau aldrei hafa verið brýnni.

Þar ber náttúrulega helst að nefna afnám hinna alræmdu gjaldeyrishafta sem eru hægt og bítandi að murka lífið úr viðskiptalífínu og gera okkur að ríkisvæddu láglaunalandi – algjöru brottkasti meðal þeirra þjóða sem við höfum oftast borið okkur saman við í gegnum tíðina. Sem betur fer virðist núverandi ríkisstjórn vera meðvituð um vandann en í stefnuýfirlýsingu hennar var afnám fjármagnshafta sagt eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar. Kynning á sérfræðingahópi til að uppfæra heildaráætlun um afnám hefur verið boðuð með haustinu og nú þegar hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar verið ráðnir til að vinna með stjórnvöldum að þessu verkefni. Það er ekkert nema jákvætt að ríkisstjórnin átti sig á gríðarlegu mikilvægi þessa verkefnis. Einhverjir hafa sagt að takist þessari stjórn að afnema gjaldeyrishöftin á þessu kjörtímabili geti hún gengið stolt frá borði sama hvernig henni tekst til alls staðar annars staðar.

En þrátt fyrir að ríkisstjórninni takist að komast nokkuð skammlaust í gegnum það ógnarstóra verkefni þá þýðir það ekki að björninn sé unninn. Bæði má búast við að hér munum við í nánustu framtíð áfram búa við gjaldeyrishöft í einhverri annarri og smærri mynd – og með íslensku krónunni megum við búast við efnahagslegum óstöðugleika áfram. Það er verkefni stjórnvalda á hverjum tíma að tryggja að viðskiptaumhverfið sé stöðugt, sama með hvaða hætti þau svo kjósa að gera það. Fyrir utan þessi stóru verkefni verður fjárlagafrumvarpið kynnt í vikunni. Ríkisstjórnin heldur áfram að leggja áherslu á hallalaus fjárlög, sem er jákvætt. Landspítali og heilsugæslan eru í vanda sem óljóst er hvernig ráðið verður fram úr, stórar breytingar hafa verið kynntar í menntamálaum líkt og í húsnæðismálum. Að auki stefnir í harða kjarabaráttu með haustinu, þar sem báðir aðilar hafa háleit markmið sem erfitt er að sjá hvernig fara eiga saman.

Í áður nefndri stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom fram að hún vildi leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hafi íslensk stjórnmal og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið. Hallgrímur Pétursson orti eitt sinn að gott væri að hætta hverjum leik þá hæst hann færi. Það má færa rök fyrir því að sundurlyndið niðri á Alþingi hafi fyrir löngu náð þeim hæðum að réttast væri að láta staðar numið. Þetta er orðið gott. Við höfum ekki efni á meiru.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðlökunum Capacenti október–desember 2012 – höfuðborgarsvæðið 25-54 ára

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Líka boðið á skemmtilega tónleika

Á Sprengisandi í gær kom stóra Timberlake-miðamálið í Kópavogi til umræðu. Bæjarfulltrúar hafa verið gagnrýndir fyrir það að þiggja miða á tónleikana af Senu fyrir sig og maka sína. Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur kom bæjarfulltrúum til varnar. Hún sagði langa hefð fyrir því að sveitarstjórnarfulltrúar þæðu tónleikamiða. Þetta einstaka tilvik væri ef til vill sérstakt sökum þess hve miðar á Timberlake voru eftirsóttir. Sannarlega er gott til þess að vita að sveitarstjórnarfulltrúar geti mætt á fleiri tónleika en þá sem eru haldnir fyrir hálfótum sal.

#### Smá hreinskilni, takk

Eflaust er það rétt hjá Krístrúnu að það er enginn stórglæpur að stjórnmalamenn þiggi tónleikamiða sem kosta fáeina þúsundkalla. En að sama skapi má spyrja hvers vegna þeir fari undan í flæmingi þegar þeir eru spurðir út í málið. Svör Ólafs Gunnarssonar, bæjarfulltrúa Vinstri-grænna, eru lýsandi fyrir viðbrögðin. Tónleikarnir hefðu verið haldnir í íþróttahúsi bæjarins, Kórnum. Það væri hluti af starfsskyldum bæjarfulltrúa að sjá hvernig það gengi fyrir sig. Er það? Hefði ekki bara verið heiðarlega að viðurkenna að þetta hafi verið spennandi tónleikar sem gaman var að fara með konunni á.

#### Óþarfa áhyggjur

Ummæli Þorsteins Más Baldvínssonar, forstjóra Samherja, sem birtur í afkomutilkynningu fyrirtækisins fyrir helgi, hljóta að vera á meðal athyglisverðustu ummæla liðinnar viku. Um leið og tilkynnt var um 22 milljarða króna hagnað Samherja tók Þorsteinn Már fram að umhverfið hér á landi væri farið að hafa neikvæð áhrif og jafnvel hamla starfsemi Samherja. Það er reyndar þannig að um þriðjungur af hagnaðinum var kominn til vegna sölu eigna erlendis. En fjórtá á litu er samt ekki að sjá að fyrirtæki sem skilar jafn miklum hagnaði og Samherji þurfi að hafa þær áhyggjur af rekstrarumhverfinu sem Þorsteinn Már lýsir. jonhakon@frettabladid.is

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Innrásin í þig

### INTERNETIÐ



Hallgrímur Helgason rithöfundur

Stundum getur einn maður breytt heiminum, hafi hann hugrekið til þess. Ætli við getum ekki kallað Edward Snowden slíkan mann. Nú er liðið rúmt ár frá því hann gekk úr starfi sínu fyrir Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA), flúði land og færði heimsbyggðinni fréttir sem voru svo slæmar og svo stórar að við erum enn að melta þær.

Skúrkur eða hetja? Spyrja landar hans enn. Eftir því sem tíminn líður hallast sífellt fleiri að því síðarnefnda. Sjálfur ber Snowden sér ekki á brjóst en þessi smávaxni, grannholda maður virðist þó búa yfir miklum innri styrk. „Þótt ég myndi enda í Guantánamo hefði ég ekki gert neitt öðruvísi.“

Slíkir menn eru dýrmætir í heimi sem ferðast sífellt hraðar frá þeirri samtíð sem við teljum okkur skilja. Án þeirra væri okkur alls ókunnugt um framferði myrkrhöfðingjanna sem líkt og í amerískri formúlukvikmynd sitja í kjarnorku-byrgjum sínum úti eyðimörkinni og sanka að sér lífum okkar allra, sjúga úr okkur staðreyndir, símtöl og ljósmyndir, sem við héldum í sakleysi okkar að við ættum ein, í mesta lagi fésbókarvinnir líka. (Sjálfsagt mun orðið „Snowden“ tryggja tölvupósti til Fréttablaðsins, með

→ Og heimurinn rankar við sér: Innrásin í Írak gat af sér aðra: Innrásina í þig.

Þessari grein í viðhengi, eilíft líf í gagnaveri vestur í Utah.)

Tæknin er hérinn en þekkingin er skjaldbakan, það þekkjum við Íslendingar. Okkar sérstaka skjaldbaka silast enn um slóðir hérans fyrir hrún. Og á meðan tæknin fær að athafna sig utan við upplýsta umræðu, í rökrinu sem ríkir handan við núíð og internetið, mun hún alltaf ganga lengra en löglegt er. Það er víst í eðli mannsins, spennandi nýjungar gera hann óþrúttinn. En ekki þarf nema einn mann til að kveikja ljósið og þá blasa myrkraverkin við. Og heimurinn rankar við sér: Innrásin í Írak gat af sér aðra: Innrásina í þig.

Því miður hefur umræðan um Snowden farið fram hjá mörgum hérlendis sem annarstaðar. Af því tilefni er efnt til upplestra víða um heim í kvöld, 8. september. Í alþjóðlegu átaki kemur fólk saman og les upp orð hans, allt frá Lillehammer til Cape Town, frá Nýja-Sjálandi til Kólumbíu. Framlag okkar verður á Loft Hostel.

# Síðasta lag fyrir fréttir

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Hlustendur Rásar eitt eru svo miklir intróvertar að þeir koma ekki einu sinni fram í hlustendakönnunum. Þar með er ekki sagt að þeir séu ekki til: öðru nær. Gott ef þetta er ekki fólkíð sem hlustar á útvarp – hlustar en lætur það ekki vera þarna eins og hvern annan skarkala og nið í bakgrunni. Þetta er ekki endilega gamalt fólk og ekki einu sinni endilega gamaldags; en það hefur sterkar skoðanir á því hvernig Rás eitt skuli vera, en þó einkum og sérílagi: hvernig hún skuli ekki vera.

### Samhengið í menningarsögunni

Þetta fólk býr í okkur flestum, en er þar ekki einrátt. Það hlustar ekki endilega alltaf á Rás eitt heldur líka Bylgjuna til að heyra þjóðmálaumræðu eða vinsæla músík; sögu til að heyra hvað sixpensurinum liggur á hjarta; Rás tvö til að heyra skemmtilega morgun- og síðdegisþætti, íslenska poppmúsík og rokk utan kassans – og þar fram eftir götunum – en þegar fólk hlustar á Rás eitt væntir það tiltekins hljóðumhverfis, það væntir yfirvegna og rósemi. Við ólumst mörg upp við þessa rás og skynjum hana sem ákveðna nærveru, vísu samfellu í lífi okkar og samfélagsins; og verðum við vör við grundvallarbreytingar á henni finnst okkur sem sjálfur lífsgrundvöllurinn sé farinn að rása undir okkur.

Kúnstin er sú að þróa rásina og breyta henni í samræmi við tíðarandann hverju sinni með hægð og án þess að við verðum þess beinlínis vör. Auðvitað nær það engri átt hvernig við látum stundum í íhaldsseminni, en það er vegna þess að okkur finnst mörgum sem hjarta Ríkisútvarpsins slái þarna í þessari rás sem á sér samfellda sögu frá árinu 1930. Þar með er ekki sagt að við heimtum að fá aftur Tómsundabáttinn, Ingimar Óskarsson að tala um sjaldgæfar bjöllur, Victor Silvester og hljóm-sveit og Laxfoss lestar í Bremerhaven á leið til Tingmíarmíút ... En við viljum hafa á tilfinningunni að þetta sé sama stöðin og færði okkur þetta allt saman; við séum þar með enn Íslendingar og ekki sé búið að selja Esjuna – ekki enn.

Hlustendur Rásar eitt eru intróvertar en ekki þröngsýnt fólk. Það umber ýmislegt og alls konar. Einkennilega hljómaklasa og óræða fléttuþætti; þreytulega þuli að tína út úr sér dagskrárkynningar morgundagsins; óskiljanlegar leikfímileiðbeiningar og afundna veðurfréttalesara að tala um grád og veðrið klukkan austan sjó í morgun á Garðskagavita. Hlustendur Rásar eitt umbera það gamla með brosi án þess að fyrirverða sig; fagna því nýja af heilbrigðri forvitni þess sem þekkir sig og sitt. Þetta fólk vill hafa útvarpið sitt hversdagslegt eins og súldina utandyra og uppvaskið í vaskinum – en líka nærandi. Rás eitt á að miðla rósemi hugans og láta vera að hlaupa á eftir „ærustu og afþreyingaráþjám“ eins og góðum manni varð tíðrætt um. Hún á að vera aldurslaus og flippuð eins og íslenskar kerlingar hafa alltaf verið. Hún er í peysufötum og með pípuhatt; hún rær fram í gráðið með tifandi þrjóna segjandi sei sei en hún hefur alveg áhuga á tólfónakerfinu og stríðinu í Úkraínu; rannsóknunum á hitakærum örveirum og lífi fólks á Djúpvogi eða Malaví ... Hún kann alveg á græjurnar sínar – hún er viðsýn.

### Ég lít í anda liðna tíð ...

Hlustendur Rásar eitt eru svo sem til í sprell en þetta er samt fólk sem er viðkvæmt fyrir áreitni. Það

þolir ekki hávaða – þetta eru intróvertar með viðkvæm eyru og þetta fólk fær hausverk þegar það heyrir leiknar auglýsingar, þar sem allt er keyrt upp. Þannig er það bara því miður. Og um leið og leiknar auglýsingar eru farnar að hljóma á Rás eitt þá er hún ekki lengur Rás eitt heldur Rás tvö sem er ágæt líka fyrir sinn hatt – en er sem sé Rás tvö með sínum sérstöku eiginleikum. Að spila leiknar auglýsingar á Rás eitt er eins og að fara að útvarpa dánarfregnum og jarðarförum á Rás tvö; með gítarmallinu undir. Leiknar auglýsingar jafngilda árás á Rás eitt.

Mæri rásanna liggja meðal

annars þarna – og það mega alveg vera mæri; allt þarf ekki að vera eins og renna saman. Þá verður bara til grá súpa. Þegar við stillum á Rás eitt klukkan korter yfir tólf í hádeginu þá er það beinlínis til þess að þurfa ekki að heyra leiknar auglýsingar þar sem smeðjuleg rödd reynir að fá okkur til að kaupa einhvern skrattann, heldur til þess að spreyta okkur í þeim indæla samkvæmisleik sem felst í því að geta giskað á söngvarann í síðasta lagi fyrir fréttir. Stundum eru þetta nokkuð umdeilanlegir söngvarar að syngja hálfúdarleg lög í drungalegum tóntegundum

– gömul íslensk einsöngslög eru sérstök tegund af sorg og minna á söðna ýsu bernskuáranna og móðu á gluggum – en stundum er söngurinn fagur og lyftir hug til hæða. Í þessum lögum er alltaf einhver innileiki, hátíðlegt fas. Þetta er íslensk menning. Þetta er samfellan í sögu okkar. Þarna niðri í hvelvingunum í Efstaleitinu eru geymdar ótal upptökur með ótal söngvurum, gleymdum og ógleymanlegum, þeir liggja þarna í kassanum varðveittir á segubandinu, lifa þar sínu lífi, og svo heyra þeir í henni þar sem hún kemur gangandi niður stigann hún Una Margrét og fara að hvísla

sín á milli: hvern okkar skyldi hún velja núna – verður það Svala Nielsen eða er komið að Sigurði Skagfield? – en hún er í hátíðarskapi og dregur fram spólu með Stefáni Íslandi og fer með upp aftur; og einn gamall og gullinn söngvari fær að ljóma um stund eins og sú liðna tíð sem við lítum í anda áður en þulur afkynnir og segir: Nú verða sagðar fréttir.

Og þá verða sagðar fréttir af því sem er helst að gerast og nýjast – strax á eftir því sem er einmitt ekki að gerast og er elst. Hin liðna tíð tengist líðandi stund á gullnu augnabliki: Síðasta lag fyrir fréttir.

# Bókasafnsdagurinn

8. september 2014

# Lestur er bestur



bokasafn.is

## MERKISATBURÐIR

**1891** Brú yfir Ölfusá er vígð að viðstöddu miklu fjölmenni.  
**1908** Peter Adler Alberti Íslandsráðherra játar á sig fjárvik og skjalafals.



**1921** Godafoss, annað skip Eimskipafélags Íslands með þessu nafni, kemur til Íslands í fyrsta sinn.  
**1931** Hámarkshraði bifreiða er hækkaður úr 18 í 25 kílómetra á klukkustund í þéttbýli og 40 km/klst. utan þéttbýlis.  
**1973** Rússnesk njósnateki finnast í Kleifarvatni.  
**1977** Þriðja hrina Kröfluelda hefst og gaus norðan við Leirhnjúk.  
**1979** Minnisvarði um Bjarna Pálsson, fyrsta landlækni Íslands, er afhjúpaður við Nesstofu á Seltjarnarnesi, á tvö hundruð ára ártíð Bjarna.  
**1989** Fjórir fatlaðir menn koma til Reykjavíkur á hjólastólum eftir fimm daga ferð frá Akureyri. Tilgangurinn er að kynna Sjálfsbjörgu.

**PETTA GERÐIST: 9. SEPTEMBER 1975**

## Dagblaðið hóf göngu sína

Dagblaðið kom fyrst út þennan mánaðardag árið 1975. Það var síðdegisblað og sjötta dagblaðið á markaðnum. Fyrsti ritstjóri þess var Jónas Kristjánsson. Starfsaðstaðan var í Síðumúla 12, áföst húsi Blaðprents sem gaf út síðdegisblaðið Vísí.

Dagblaðið lagði áherslu á að það væri frjálst og óháð, sem var nýjung á Íslandi því stjórnvalaflokkarnir höfðu ítök í hinum blöðunum. Neytendamáli voru líka einkennandi fyrir Dagblaðið og með leiðurum, fréttaskýringum og greinum

fylgdu myndir af höfundum, ásamt nöfnum. Það var ekki venja á hinum blöðunum.

Dagblaðið seldist strax vel og talsverður hasar skapaðist í miðbænum þar sem blaðasalar Dagblaðsins og Vísís börðust um athygli vegfarenda. Þurfti lögreglan að hafa afskipti af solumálum á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis þar sem Óli blaðasali, sem seldi Vísí, átti sinn sess.

Heimild/Nýjustu fréttir/Guðjón Friðriksson.



**SKÓLASTJÓRINN** „Nemendur og kennarar verða með kórónur í mismunandi litum eftir bekkjum,“ segir Björg og hlakkar til afmælisins á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†  
 Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**JÓN G. HJÁLMARSSON**  
 frá Vestmannaeyjum,  
 Kleppsvegi 62,  
 lést á Hrafnistu, Reykjavík, sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 9. september kl. 13.00.

**Soffía Guðrún Jóhannsdóttir**  
**Jóhann Pétur Jónsson**  
**Einar Hjálmar Jónsson**  
**Hafðis Jónsdóttir**  
**Kristrún Jónsdóttir**  
 barnabörn og barnabarnabörn.

**Kristín S. Steingrimsdóttir**  
**Erla J. Erlingsdóttir**  
**Georg Kulp**  
**Ólafur Fannar Vigfússon**

†  
 Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**JÓNÍNA ÞURÍÐUR GUÐNADÓTTIR,**  
 Bröttugötu 3, Vestmannaeyjum,  
 lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, mánudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 13. september kl. 14.00.

**Steinar Guðmundsson**  
**Sigrún Guðmundsdóttir**  
**Guðný Guðmundsdóttir**  
**Fríðrik Guðmundsson**  
 og barnabörn.

**Ásdís Viggósdóttir**  
**Magnús Guðmundsson**  
**Alexander Matthíasson**

Nýtt á heimsvísu  
**VARANLEGT LETUR**  
 Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin  
 Legsteinar  
 www.granithollin.is  
 Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

**LEGSTEINAR**  
 MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLOTUM  
 VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik  
 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

## Það mun bæði heyrast til okkar og sjást

Tuttugu ár eru á morgun frá því Smáraskóli í Kópavogi tók til starfa. Nemendum hans á öllum tímum, foreldrum, starfsmönnum og öðrum bæjarbúum er boðið í afmælið.

„Afmælisveislan stendur frá klukkan hálf tólf til hálf tvö. Við byrjum á skrúðgöngu um hverfið sem Skólahljómsveit Kópavogs leiðir með tilheyrandi lúðrablaesti,“ segir Björg Baldursdóttir, starfandi skólastjóri hins tvítuga Smáraskóla í Kópavogi. „Nemendur og kennarar verða með kórónur í mismunandi litum eftir stigum. Það mun því bæði heyrast til okkar og sjást.“

Björg segir tónlist verða leikna á sal og verk núverandi og fyrrverandi nemenda verða til sýnis inni í skólanum. Úti við verður svo farið í alls konar leiki. Þar verður hoppukastali, boltar sem krakkar geta skriðið inn í og „fótboltaspil“ með lifandi fólki sem stillir sér upp við strengi og spilar eins og um leikfang sé að ræða. Svo, eins og í öllum göðum afmælum, verður boðið upp á kóku, kaffi og djús að sögn Bjargar. „Við fáum stóra kóku frá Jóa Fel, hann er einn þeirra foreldra sem tengjast skólanum,“ segir hún og kveðst vonast til að sjá sem flesta velunnara.

Nemendum við skólann hefur fækkað frá því í upphafi, að sögn Bjargar. „Hér voru lausar kennslustofur umhverfis skólahúsið fyrstu árin, enda er barnafjöldinn yfirleitt mestur í nýjum hverfum, svo fækka-

ar í þeim aldurshópi en fjölgar aftur og nær einhverju jafnvægi.“

Eitt af því sem einkennir starf Smáraskóla er áhersla á útivist enda er skólinn vel staðsettur í Kópavogsdalnum. „Við notum dalinn til útivistar og lærdóms,“ segir Björg. „Skoðum náttúruna og lífríkið, tökum til dæmis sýni úr læknum reglulega og gerum á því rannsóknir. Svo er stutt niður í leiruna við voginn og auðvelt að komast þangað um göngin undir Hafnarfjarðarveginn,“ lýsir hún.

Stærsta útivistarverkefni skólans sem komin er hefð á er Laugavegs-ganga 8. bekkjar, milli Landmanna-lauga og Þórsmerkur, með gistingu í skálum á leiðinni. „Það er afskaplega mikil ánægja með Laugavegs-gönguna,“ segir Björg. „Sumir nemendur hafa sagt þegar þeir yfirgefa skólann að sú gönguferð stáði upp úr þegar þeir hugsi til baka. Þetta eru stórir hópar sem við förum með, 40 til 60 manns, og við þurfum að panta gistingu í skálunum með löngum fyrirvara, alltaf lengri og lengri eftir því sem ferðamönnum fjölga.“

Kennslustofur og aðrar vistarverur Smáraskóla eru ekki númeraðar heldur nefndar eftir örnefnum í Kópavogi. Eitt af því gert hefur

## Lítið eitt um Smáraskóla

Smáraskóli er við Dalsmára 1 í Kópavogi og er fyrir börn á aldrinum sex til fimmtán ára. Valgerður Snæland Jónsdóttir var skólastjóri frá stofnun hans til ársins 2007. Núverandi skólastjóri, Friðþjófur Helgi Karlsson, er í ársleyfi og Björg Baldursdóttir sinnir starfinu í fjarveru hans en hún hefur verið aðstoðarskólastjóri frá 2010.

verið í tilefni afmælisins nú er að afla upplýsinga um þá staði sem stofurnar heita eftir, að sögn Bjargar. „Kópavogur á stórt land sem auðugt er af örnefnum og sköpunargáfa nemendanna hefur nýst vel við að teikna myndir sem tengjast þeim.“

gun@frettabladid.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FIÐRILDASTÓLL

Sori Yanagi (1915–2011) er einn frægasti vöruhönnuður Japans. Hans frægasta verk er að öllum líkindum fiðrildastóllinn frá 1956.



### Sjálfvirkur hurðaropnunar búnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

## FULLKOMNAR KRULLUR

**HALLDÓR JÓNSSON KYNNIR** BaByliss Curl Secret er ný leið til að gera fullkomnar krullur á nokkrum sekúndum. Hárið fer inn í tækið – krullur koma út.

**B**abyliss Curl Secret er leyndarmál-íð á bak við fullkomnar krullur. Það breytir því hvernig hárið er krullað, á fljótlegan og auðveldan hátt. BaByliss Curl Secret dregur hárið sjálfkrafa inn í tækið, í keramikhólf. Í hólfinu er hárinu haldið mjúklega inni og það hitað úr öllum áttum á mjög skömmum tíma, en á vandaðan hátt þannig að útkoman er fallegar krullur.

Guðlaug Helga Björnsdóttir segir Curl Secret-járnið frá BaByliss vera frábært. „Það sem heillaði mig mest og fékk mig helst til að langa að eignast það var einfaldleikinn. Þar sem ég er þriggja barna móðir hef ég ekki mikinn tíma til að græja mig fyrir ýmsa viðburði eða jafnvel fyrir venjulegan dag, þess vegna er þetta krullujárn algjör snilld,“ segir Guðlaug. „Ég er nokkrar mínútur að smella liðum í hárið og þegar ég vil vera sérstaklega fín þá breyti ég bara stillingunum á járninu og þá fæ ég fullkomnar krullur. Þetta er einstaklega þægilegt í notkun og ég mæli með þessu fyrir alla sem vilja fá hárið fallegt á einfaldan máta á skömmum tíma.“

Curl Secret hefur tvær hitastillingar og þrjár stillingar sem stilla hversu lengi hárið er inni í tækinu (frá átta til tólf sekúndur) sem hefur áhrif á hversu þéttar krullurnar verða. Því lengur sem hárið er hitað því þéttari krullur. Tækið stillir í hvaða átt krullurnar fara og breytir sjálfkrafa um áttir. Curl Secret er hægt að nota á sítt og millisítt hár. Einnig á flestar hártægundir, fínt hár, viðkvæmt, litað og hár sem er liðað.

**Curl secret fæst í Elko, Hagkaup og Byggt og búið.**



**MEÐ FALLEGAR KRULLUR** Guðlaug mælir með Curl Secret fyrir alla sem vilja fá hárið fallegt á einfaldan og auðveldan hátt.

MYND/GVA



## HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



12v 7A

Nýtt



12v 5,5A



12v 0,8A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

## SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.  
Góður lágbaksstuðningur.  
Mýkra og betra axlarsvæði.  
Vandaðar kantstyrkingar.  
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



12 mán.  
vaxtalausr  
greiðslur\*

\*3.5% lantökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á frábæru verði  
Verðdæmi á Sögu og Freyju  
Með botni og fótum stgr.

Stærð  
153x203  
160x200  
180x200  
180x210

Verð  
144.900 kr.  
149.900 kr.  
169.900 kr.  
179.900 kr.



Veggfodur.is

Yfir 800 myndur & litir

Dalvegi 16d / GSM: 848 1476

Opið mán. & fimt. kl. 16 - 18 og lau. kl. 11 - 14



Einar Beinteins ehf.  
Við leggjum gólf og veggefni



**LOVE REYKJAVÍK** Hópin skipa Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, Anna Þórunn Hauksdóttir, Marý, Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Steinunn Vala Sigfúsdóttir. Þær sýna vörulínur sínar á Maison&Objet í París.



**NÝJAR VÖRUR** Ingibjörg Hanna sýnir meðal annars hengistöli sem hún kynnti á liðnum HönnunarMars.

Eitt mest selda fitubrennsluafnið í heiminum í dag!

**Aukakílóin burt á heilsusamlegan hátt!**

Sigrún Emma Björnsdóttir einkabjálfaferi og íþróttakona.

„Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!“

„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.“

**20% afsláttur\***

natures aid  
**Raspberry Ketones ADVANCE™**  
400mg with Green Tea  
60 CAPSULES

GMP vottað hráefni \* í flestum apótekum

**NÝTT - NÝTT**  
**8 rétta hlaðborð í hádeginu**

**TILBOÐ**  
**KR. 1.390.-**

**OPIÐ KL. 11:00-14:00**  
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

**Kinahofid**  
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

TRUKYRKA ÖNDEIGLANDI ERÁ GLÖGGLEGT EFTIR Á NETINGU

# ÍSLENSKIR HÖNN- UÐIR SÝNA Í PARÍS

**ÍSLENSK HÖNNUN** Maison&Objet, ein af stærstu hönnunarsýningum í Evrópu, stendur nú yfir. Íslenskir hönnuðir sýna þar vörulínur sínar.

„Þetta er í annað sinn sem ég fer með hönnunaráhópnum Love Reykjavík á þessa sýningu en við erum allar að sýna okkar vörulínur. Hingað koma verslunareignendur alls staðar að úr Evrópu og víðar til að skoða og kaupa inn,“ útskýrir Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir vöruhönnuður en hún tekur þátt í hönnunarsýningunni Maison&Objet í París sem hófst á föstudag.

Love Reykjavík skipa, auk Ingibjargar, Anna Þórunn Hauksdóttir, Marý, Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Steinunn Vala Sigfúsdóttir.

Maison&Objet er ein af stærstu hönnunarsýningunum í Evrópu og segir Ingibjörg þátttöku í sýningunni góða kynningu og geta skilað viðskiptasamböndum.

„Maður kemst í samband við blaðamenn hjá stórum tímaritum og býr til sambönd við fólk í faginu. Ég komst að hjá nokkrum erlendum verslunum í fyrra í gegnum sýninguna. Nú er ég að koma á framfæri textílvörum mínum, nýrri grafik á púða, fleiri viskustykkjum, hengistölnum sem kynntur var á HönnunarMars og rúmfötum. Þá spurði stórt og þekkt hönnunarfyrirtæki mig í dag hvort ég hefði áhuga á að hanna vörulínu

fyrir þá sem er ótrúlega spennandi,“ segir Ingibjörg.

Fleiri íslenskir hönnuðir taka þátt í Maison&Objet, þar á meðal Heklaíslandi og Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sem hannar undir merkinu Sveinbjörg. Sveinbjörg tekur í sama streng og Ingibjörg, þátttaka í sýningunni skili árangri.

„Ég er hér í annað sinn og sýningin gengur vel. Í fyrra náðum við að selja víða um heiminn og einnig fengum við nokkra aðila sem höfðu áhuga á að gerast umboðsaðilar fyrir okkur. Við völdum að byrja í Skandinavíu en Parísarsýningin er hliðið að mun stærri markaði en Stokkhólmsmessan. En þar höfum við verið tvisvar áður.“

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, segir íslenska hönnun vel samkeppnishæfa og að Íslandsstofa vilji styðja hönnuði í að koma sér á framfæri, í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands.

„Þetta er erfiður markaður og fyrirtækin eru lítil. Við höfum þó séð fólk ná flugi eftir að hafa tekið þátt í svona sýningum enda teljum við að við séum með vöru sem er vel samkeppnishæf. Við vitum líka að heimamarkaðurinn hefur vaxið með fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands,“ segir Jón.

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



**FER VEL AF STAÐ** Sveinbjörg Hallgrímsdóttir tekur einnig þátt í sýningunni. Hún segir þátttöku á sýningunni í París opna inn dyr inn á mun stærri markað en hönnunarmessan í Stokkhólmi gerir en þar hefur hún sýnt áður.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

# STOFAN

MÁNUDAGUR 8. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað



## Eins og nammiverslun fyrir heimili

Húsgagnahöllin að Bíldshöfða 20 fékk nýverið mikla andlitslyftingu. Nýir eigendur tóku við versluninni fyrir tveimur árum og var hún opnuð eftir gagngerar endurbætur 31. maí. Mikil áhersla er lögð á útstillingar og að viðskiptavinum mæti alls kyns augnakonfekt.

Við lögðum upp með að setja vörurnar fram á fallegan og skemmtilegan máta. Við leggjum mikla áherslu á útstillingar og viljum að viðskiptavinum mæti alls kyns augnakonfekt. Að upplifunin sé eins og að koma inn í nammiverslun fyrir heimili,“ segir Hulda Rós Hákonardóttir, einn eigenda verslunarinnar.

Verslunin er hönnuð þannig að viðskiptavinir ganga úr einu rými í annað. „Þau eru svolítið hólfuð niður en samt létt flæði á milli. Í stað þess að raða sjö sófum af sömu gerð í mismunandi litum saman er reynt að skapa mismunandi stemningu með öllu sem fylgir. Þannig getur fólk betur áttað sig á samsetningarmöguleikum.“

Breytingarnar voru unnar í samstarfi við danska fyrirtækið Ambiente en þar starfa arkitektar og hönnuðir sem sérhæfa sig í að setja upp verslanir og sýningarrými. „Þeirra handbragð hefur skapað nýja vídd í íslensku verslunarsögu,“ segir Hulda.

Í Húsgagnahöllinni hafa ávallt verið sterk merki en með nýjum eigendum hafa fleiri bæst við. „Við breytingarnar ákváðum við að taka inn ýmis ný merki. Þar á meðal Furninova (furninova.com) sem við höfðum lengi haft augastað á. Það er sænskt og hefur slegið rækilega í gegn. Undir það heyrir svo undirmerkið S.O.U.L. Þetta eru tveir ólíkir stílar og fá þessi nýju merki ríkulegt pláss á efri hæðinni okkar. Þá erum við með mikið úrval af dönskum merkjum. Við erum umboðsaðilar Ide-möbler, en skandinavísk hönnun nýtur mikilla vinsælda hér á landi. Auk þess erum við með amerísk merki eins og La-Z-Boy og Broyhill svo dæmi séu nefnd.“

Sófar, borðstofuborð og stólar eru að sögn Huldu fyrirferðarmestu húsgögnin í versluninni en auk þess er þar rúmdeild þar sem rík áhersla er lögð á heilsudýnur og stillanleg rúm. Jafnframt er mikið úrval af smávörum og húsbúnaði í versluninni.

En hverjar eru helstu áherslur í vetur? „Hvað stofuna varðar eru tungusófarnir hvað vinsælastir og jafnvel vinsælli en hin hefðbundnu tveir plús þrjár sófasett. Hornsófar verða líka oft fyrir valinu en allt fer þetta eftir rými hvers og eins. Þá eru flestir að leita að þægilegum, mjúkum og góðum sófum úr slitsterku efni.“

Hulda segir hlýleikann ráðandi fyrir haustið og er mikið um skinn og púða. „Tískan fer í hringi. Fyrir nokkrum árum var allt minimalískt, svart og hvítt, en nú er meira um hlýlegri tóna. Yfirbragðið er eftir sem áður stílhreint.“

Í smávörunni eru brúnir, grænir, bláir, gylltir og koparlitir tónar ráðandi. „Þá erum við með mikið af skreyttum púðum og hafa dýrapúðar verið mjög vinsælar. Nú bætum við úrvali púða í fyrrgreindum litum við. Þeir eru líka áberandi í alls kyns borðbúnaði og fylgihlutum.“

Hulda nefnir líka matarstell frá framleiðendum á borð við Broste, Alessi og Iittala og mörgum fleiri. „Þau eru á breiðu verðbili og um að gera fyrir þá sem eru að byrja að búa að kíkja við. Auk þess erum við með ítalska glervöru í úrvali sem hefur verið mjög vinsæl.“

Hulda býður alla velkomna í endurbætta verslun.



# Í betri stofu Heimilisfrúarinnar

Hildur Arna Hjartardóttir heldur úti bloggsíðunni heimilisfruin.blogspot.com. Þar leyfir hún fólki að fylgjast með hvernig hún og eiginmaður hennar taka fyrir herbergin í húsinu sem þau byggðu í Skerjafirði fyrir nokkrum árum.

**M**aðurinn minn er orðinn rafvirki, píp-ari og smíður eftir þessa lífsreynslu," segir Hildur glettin um eiginmanninn, Sigurð Jens Sæmundsson. Frá árinu 2008 hafa þau hjónin byggt hús og búið sér og börnum sínum þremur heimili í Bauganesi. Hildur er uppalin í Skerjafirði og vildi búa þar með fjölskyldu sinni. „Eina leiðin sem við sáum var að byggja sjálf. Við bönnuðum því upp á hjá nágrennanum og spurðum hvort við mættum kaupa framgarðinn hans," segir Hildur glaðlega, en þau hjónin teiknuðu húsið sjálf í Excel en fengu hjálp tækni-teknara á lokasprettinum.

Fjölskyldan flutti inn árið 2009 í fremur hrátt hús-næði og Hildur og Sigurður ákváðu að taka eitt herbergi fyrir í einu. Þau gera flestallt sjálf og eru skipulögð í öllum framkvæmdum. „Við gerum þetta eftir því sem við náum að safna okkur," segir Hildur og lýsir því að ýmislegt í húsinu hafi verið keypt til bráðabirgða á Bland-síðunni og bíði þess að verða skipt út þegar tækifæri gefist. Hún heldur úti blogginu heimilisfruin.blogspot.com um framgang þessa stóra verkefnis og birtir myndir og lýsingar af því sem er á döfinni hverju sinni.

## Fjölskyldurými

Stofan er eitt þeirra herbergja sem er tilbúið en hún er í opnu rými ásamt borðstofu og eldhúsi. „Stofan varð að vera flott og fín fyrir mömmuna en samt þannig að krakkarnir gætu verið þar líka," segir Hildur en fjölskyldan ver löngum stundum saman í þessu opna rými. Hildur segist kunna að meta fallega hluti en hins vegar þurfi þeir ekki endilega að vera dýrir. „Ég vel það sem mér finnst fallegt og er sama hvaðan það kemur," segir Hildur sem tímir ekki að eyða of miklum fjárhæðum í húsgögn. „Við viljum heldur geta farið saman í frí."



Gráa plötuna utan um sjónvarpið smíðuðu hjónin sjálf. Skenkurinn er úr IKEA en hugmyndina að hillueiningunum sá Hildur á netinu. Stofubóðið er úr llvu líkt og teppið. „Mig hafði langað í þetta teppi í mörg ár en Sigga fannst það ljótt og kallaði það heilateppi. Það tók hann sjö ár að samþykka það en svo kom hann mér á óvart einhvern daginn og gaf mér það," segir Hildur.



Eames-ruggustólin fékk Hildur í þritugsafmælisgjöf frá Sigurði.



Silfurskórnir sem prýða hilluna eru Hildi dýrmætir. „Oft var farið í Fram fram fylking heima hjá ömmu. Við frænka mín fengum þá að velja silfur- eða gullskó í leikinn. Þegar amma lést fékk ég að eiga silfurskóna.



Myndirnar keypti Hildur árið 2006 í IKEA og rammanna líka. Þegar þeir komu upp úr kafinu nokkrum árum síðar voru rammarnir litaðir með svartri krítarmálningu og sóma sér vel í stofunni á veggnum fyrir ofan sófann.



Hildur Arna í stofunni sínu. Á bloggsíðunni sinni heimilisfruin.blogspot.com segir hún ekki aðeins frá því hvernig gengur með framkvæmdir á heimilinu heldur gefur kökuuppskriftir og góð skipulagsráð. MYNDR/ANTON



Kertastjakinn heitir String, er úr Epal og lífgar upp á stofuna.



Par sem gluggarnir í stofunni eru stórir vildi Hildur ekki velja fyrirferðarmikil borð. Hún valdi því þessi skemmtilegu, gegnsæju borð frá IKEA.

## Er um að rýma fyrir nýjum vörum

ALLAR SMÁVÖRUR MEÐ 40% AFSLETTI



ÚTSTILLINGAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI



Syrusson Hönnunarhús

**ÉG** óska eftir því að einhver grúskari í framtíðinni kóperi þennan ómerkilega pistil minn af timarit.is eftir að öll hin vímuefni verða lögleidd. Skipti út áfenginu fyrir eitt-hvert annað dóp. Kannabis til dæmis. Þá geta barnabarnabörnin okkar hlegið datt að hræsinnu sem viðgekkst árið 2014.

## Stemming á tónleikum GusGus í Hafnarhúsi

Fjölmarginir lögðu leið sína á tónleika GusGus í Hafnarhúsinu um helgina. Sveitin flutti lög af nýjustu plötu sinni, Mexico, við góðar undirtektir viðstaddra. Valgarður Gíslason tók myndir.



**FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA SKEMMTI SÉR KONUNGLEGA** Jóhanna Sigurðardóttir ásamt eiginkonu sinni, rithöfundinum Jónínu Leósdóttur.



**FRÍTT FÖRUNEYTI** Margrét Sigríður Valgarðsdóttir og Kitty Von Sometime.



**GÓÐIR GESTIR** Roald Viðar Eyvindsson ásamt vinkonu.



**MARGT UM MANNINN** Arna Dögg Einarsdóttir og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ásamt vini.



**FJÖR Á GUSGUS-TÓNLEIKUM** Tónlistarmaðurinn Lay Low, Árni Grétar Jóhannsson og Birna Hrönn Björnsdóttir.

**SMÁRRÁ BIÓ** HÁSHÖLA BIÓ

PARÍS NORÐURSINS

12

NINJA TURTLES

10

**SMÁRRÁ BIÓ** 5%

PARÍS NORÐURSINS	KL. 5:45 - 8 - 10:15
PARÍS NORÐURSINS LUXUS	KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15
TMNT 2D	KL. 3:30 - 5:45
TMNT 3D	KL. 3:30 - 8
THE GIVER	KL. 5:45 - 10:15
LET'S BE COPS	KL. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20
EXPENDABLES	KL. 8 - 10:40
AÐ TEMJA DREKANN 2 ISL TAL 2D	KL. 3:30

**HÁSHÖLA BIÓ** 5%

PARÍS NORÐURSINS	KL. 5:45 - 8 - 10:15
THE GIVER	KL. 8 - 10:15
ARE YOU HERE	KL. 10:40
LET'S BE COPS	KL. 5:45 - 8
NIKULÁSI FRÍI	KL. 5:45
DAWN... PLANET OF THE APES	KL. 10:15
VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	KL. 5:20
VONARSTRÆTI	KL. 8

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

PARÍS NORÐURSINS 8, 10:10

LIFE OF CRIME 5:30, 8

TMNT 3D 5:30

LET'S BE COPS 10:10

THE EXPENDABLES 10

LUCY 8

AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D 5:30

ISLANDS EUROPA CINEMAS

**BIÓ PARADÍS** MIÐASALA Á **midi.is**

björk biophili

fransjónd 6. sept

miðasala hafin á **midi.is**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

**Barnaheill** Save the Children á Íslandi

við erum að...  
bættu ega nýja bekkiradina  
og hringtískjónu.

# Bílastæði Smáralindar breytist í bílabíó

Dumb & Dumber frá árinu 1994 verður sýnd í bílabíói RIFF. Jóhann Alfreð er spenntur fyrir sýningunni.

„Þetta verður bókstaflega eins og að ferðast aftur í tímann,“ segir Jóhann Alfreð Kristinnsson, uppistandari og viðburðastjórnandi hjá Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni, RIFF, en hátíðin býður upp á bílabíó á bílastæðinu í Smáralind þann 26. september í samstarfi við Smáralind.

„Við ætlum að sýna gamanmyndina og „næntis“ klassíkina, Dumb & Dumber, meistaraverk Farrelly-bræðrana frá 1994,“ segir Jóhann Alfreð en þetta er í þriðja skiptið sem RIFF stendur fyrir

bílabíói á kvikmyndahátíðinni, sem fer að miklu leyti til fram í Kópavogi í ár.

Jóhann Alfreð útskýrir að blómatími bílabíósins hafi verið í lok sjötta áratugarins og í upphafi þess sjöunda.

„Ungt barnafólk flyktist á sýningar enda hægt að huga að krökkunum á sama tíma og þá voru þau einstaklega vinsæl meðal ungu kynslóðarinnar, í stefnumótameningu þess tíma.“

Hann bendir á að sjálfur elski hann bílabíó.

„Ekki bara til þess að bjóða ein-

→ Jim Carrey og Jeff Daniels leika aðalhlutverkin í Dumb & Dumber.

hverjum á stefnumót, heldur sleppur maður við óþolandi náungann sem kann ekki að slökkva á símanum sínum,“ segir hann og hlær.

Áhugasamir geta keypt miða á heimasíðu hátíðarinnar, riff.is.

-lk



**BÍÓFÍKILL** Jóhann Alfreð hlakkar til að ferðast aftur í tímann.



**KIM KARDASHIAN** Prýðir forsíðu GQ. AFP/NORDICPHOTOS

## North átti ekki að heita North

Kim Kardashian var valin kona ársins af breska tímaritinu GQ og prýddi forsíðu nýjasta tölublaðsins af því tilefni. Í viðtalinu segir hún meðal annars frá því hvernig nafn frumburðar hennar og rapparans Kanye West, North, kom til.

„Þetta var orðrómur í pressunni og við höfðum aldrei þælt í nafninu. Svo vorum við í hádegismat á Mercer-hótelinu í New York og Pharrell kom til okkar og sagði: „Ætlið þið að skíra dóttur ykkar North? Það er besta nafn sem ég hef heyrt.“

Kardashian útskýrði fyrir Pharrell að einungis væri um orðróm að ræða. Stuttu síðar kom tískumógúllinn Anna Wintour að hjónunum og sagði við þau: „North er dásamlegt nafn.“

„Við Kanye horfðum hvort á annað og hlógum. Þá var þetta ákveðið.“



**BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** Auður Aðalsteinsdóttir er fróð um Önnu í Grænuhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

## Sögupersónur í brennidepli

Lestur er bestur er yfirskrift bókasafnsdagsins 2014 sem er í dag, á alþjóðlegum degi læsis. Um hundrað bókasöfn vítt um landið taka þátt í deginum og víða verður sjónum beint að sögupersönnum. Á Bókasafni Mosfellsbæjar mun Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur til dæmis spjalla um Önnu í Grænuhlíð eftir klukkan 16.30.

Söfn Borgarbókasafns bjóða upp á bókmenntamola til andlegrar hressingar, glæný bókamerki, lauffléttu bókasafnsgetraun auk tilbóða á lestrardagbókum á meðan birgðir endast. Í aðalsafni verður ljóðatorg formlega opnað klukkan 18 og ljóðskáld lesa úr verkum sínum. Í Ársafni er gestum boðið upp á nýbakaðar vöflur milli 14 og 16 og í Kringlusafni geta gestir valið uppáhaldssögupersönuna sína.

-gun

# A4 KYNNIR SPIL SEM HJÁLPAR BARNINU ÞÍNU AÐ LÆRA AÐ LESA

Komdu við í A4 Skeifunni 17 milli kl. 16-18 í dag

Hægt verður að ræða við Ásthildi Bj. Snorradóttur, annan af höfundum spilanna og fá hugmyndir og ráð varðandi hvernig er best að undirbúa börn fyrir listina að læra að lesa.

## Spennandi spil sem undirbúa barnið þitt fyrir lestur

eftir talmeinafræðingana  
Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur

Komnir eru út sjö skemmtilegir spilastokkar sem byggja á hugmyndafræðinni á bak við bókina **Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur.**

Hugmyndafræðin gengur út á að styrkja hljóðkerfisvitund, sem er einn mikilvægasti undirstöðupáttur fyrir lestur.

Með spilunum er hægt að þjálfna:

- Rím
- Hljóðgreiningu - fyrsta hljóð
- Hljóðgreiningu - síðasta hljóð
- Hljóðflokkun
- Hljóðtengingu
- Samsett orð
- Stafir

MIKIÐ  
ÚRVAL AF  
BARNABÓKUM.  
FJÖLDI TITLA.  
VERÐ FRÁ  
490.-

Spilunum fylgja nákvæmar leiðbeiningar um notkun.



D2-1197



www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

# A4

## 23 íslensk mörk í heimsmetaleikjum

**HANDBOLTI** Alexander Petersson fór á kostum og skoraði átta mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen sem vann Hamburg 28-26 í þýsku 1. deildinni í handbolta á laugardaginn. Stefán Rafn Sigurmannsson komst ekki á blað.

Leikurinn komst í metabækurnar fyrir að vera sá aðsóknarmesti í sögunni, en hann fór fram á knattspyrnuvelli Eintracht Frankfurt og sáu 44.189 manns leikinn.

Íslendingar hafa nú komið við sögu í síðustu þremur heimsmetstílaunum, en fyrir þremur árum skoraði Arnór Atlason fimm mörk og Snorri Steinn Guðjónsson fjögur þegar AG Kaupmannahöfn tryggði sér danska meistaratitilinn fyrir framan 36.651 manns á Parken með sigri á Bjerringbo/Silkeborg.

Metið í Þýskalandi var 30.925 áhorfendur, en það var sett þegar Lemgo mætti Kiel árið 2004. Spilað var á heimavelli knattspyrnuliðsins Schalke, en Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður, skoraði sex mörk fyrir Lemgo sem tapaði, 31-26.



## Víkingar flýta sér ekki með Aron

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildar lið Víkings stendur í samningaviðræðum við norska úrvalsdeildarfélagið Aalesund sem lagði inn kautilboð í miðjumanninn efnilega Aron Elís Prárandson í síðustu viku.

„Við erum ekkert að flýta okkur og ætlum að leyfa landsleikjavikunni að klárast,“ segir Heimir Gunnlaugsson, formaður meistaraflokksráðs Víkings, í samtali við Fréttablaðið.

Aron Elís er á ferðinni með U21 árs landsliðinu í Frakklandi þar sem það spilar mikilvægan leik í undankeppni EM 2015 í kvöld, en Aron kom inn á sem varamaður gegn Armenum

á Fylkissvelli í síðasta leik og lagði upp mark fyrir Ólaf Karlfinsen í 4-0 sigri íslenska liðsins.

Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður Arons Elís, sagði við Fréttablaðið í síðustu viku að útsendarar þó nokkurra liða myndu fylgjast með Aroni Elís í landsleikjunum, en auk Aalesund hafa Brann og Vålerenga einnig áhuga á stráknum.

Aron Elís hefur verið mjög góður með nýliðum Víkings í Pepsi-deildinni í sumar, en Fossvogslíðið er í bílstjórásætinu í baráttunni um fjórða sætið sem gefur þátttökurétt í Evrópukeppni næsta sumar. - tom



**EFTIRSÓTTUR** Aron Elís fer líklega eftir tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KLEMMMA** Heimir Óli Heimisson tekinn föstum tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Haukamenn í erfiðri stöðu

**HANDBOLTI** Bikarmeistarar Hauka eru í erfiðri stöðu eftir tveggja marka tap, 29-27, gegn rússneska liðinu Dinamo Astrakhan í fyrstu umferð EHF-bikarsins í handbolta, en liðin mættust í Schenkerhöllinni að Ásvöllum í gær.

Haukar fóru vel af stað en um miðbik fyrri hálfleiks misstu leikmenn liðsins dampinn og rússneska liðið náði forystu í leiknum. Haukar náðu þó að koma sér aftur inn í leikinn fyrir hálfleik og munaði aðeins einu marki á liðunum í hálfleik, 14-13.

Í seinni hálfleik fór rússneska liðið að leika betur á meðan leikur Hauka varð frekar þvingaður. Einar Ólafur Vilmondarson kom inn í markið fyrir Giedrius Morkunas og stóð sig vel, en samt sem áður náðu gestirnir mest sex marka forystu.

Heimamenn bitu frá sér á lokamínúturnum og gerðu stöðuna bærilegri, en ljóst er að þeim biður erfitt verkefni við Kaspíahafið í seinni leiknum.

„Þetta var kaflaskipt. Það voru hlutir í leiknum sem ég var ánægður með. Byrjunin var fín en þeir refsðu okkur,“ sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Þetta var á köflum ágætt og svo voru kaflar á móti sem voru ekki nægjanlega góðir. Svo er það að Adam Haukur þarf að spila í 60 mínútur, verandi eina skyttan vinstra megin og svo Árni Steinn hægra megin. Við erum ekki eins breiðir í þessum stöðum og í fyrra,“ sagði Patrekur. - gmi

# Stoltur af afreki okkar síðast

Emil Hallfreðsson, landsliðsmaður í fótbolta, er klár í slaginn fyrir nýja undankeppni. Hann grætur ekki tapið gegn Króatíu síðasta vetur heldur lítur á gengi liðsins sem jákvæðan hlut sem hann nýtir sér.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur leik í undankeppni EM 2016 á þriðjudagskvöldið þegar liðir mætir Tyrklandi á Laugar-dalsvelli. Strákarnir okkar æfðu þar í grenjandi rigningu í gær, en áður en æfingin hófst nýtti Emil Hallfreðsson tímann og prófði nýju Boeing-flugvélasætin sem sett hafa verið upp á varamannabekkjum.

„Ekki ætlarðu að sitja hér á þriðjudaginn?“ spyr blaðamaður Emil. „Ég ætla rétt að vona ekki. Ég vel samt ekki liðið. En vonandi ekki,“ svarar Emil léttur. Hann er spenntur fyrir því að byrja nýja undankeppni.

„Mér líst vel á þetta, en við erum í svakalega erfiðum riðli. Ef við ætlum að eiga einhvern séns á að komast áfram verðum við að eiga tíu toppleiki,“ segir Emil.

Hann viðurkennir að mikilvægt sé að byrja vel til að halda áhuga fólksins og meðbyrnum með liðinu. „Engin spurning. Ef við byrjun vel fáum við fólkið með okkur og það gefur okkur sjálfstraust. Þegar það er meiri áhugi fyrir liðinu er meiri stemning í kringum allt saman og þá er allt miklu skemmtilegra.“

### Fór ekki í mínus

Síðasta undankeppni gekk frábærla, en Ísland komst í umspil um sæti á HM í fyrsta skipti í sögunni. Þar tapaði liðið aftur á móti fyrir Króatíu sem virtist fara illa í menn, en sumir hverjir áttu erfitt uppráttar með sínum félagsliðum eftir sorgina í Zagreb. Hvernig er að reyna að endurræsa hugann fyrir svona keppni?

„Við erum búnir að núllstilla okkur. Við áttum frábæra undankeppni síðast og þó við töpuðum á móti Króatíu þá gerðum við eitthvað sem enginn átti von á. Maður verður að líta á þetta jákvætt,“ segir Emil, sem hélt áfram sínu striki með liði sínu Verona á Ítalíu og spilaði nánast alla leiki.

„Menn hafa talað um að sumir hafi farið í mínus eftir tapið gegn Króatíu, en ég leit ekki á þetta þannig,“ segir Emil og heldur áfram:

„Ég tók þetta með mér sem með-

byr fyrir mig með mínu félagsliði. Ég leit á þetta þannig að þarna voru Íslendingar, 320.00 manna þjóð, að komast í HM-umspil. Þegar ég kom til baka til míns félagsliðs eða hitti fólk úti á götu var ég mjög stoltur af afrekinu. Nú förum við bara inn í nýja keppni með mikla jákvæðni í kringum okkur og sigur-hugarfar.“

### Mikið ævintýri

Sem fyrr segir sló Emil hvergi af með Hellas Verona í ítölsku A-deildinni á síðustu leiktíð, en hann byrjaði í 30 af 38 leikjum liðsins sem var spútniklið deildarinnar sem nýliði og var lengi í Evrópu-baráttu.

„Þetta var alveg ótrúlegt. Það gekk alveg frábærla. Við vorum nýliðar í deildinni, en við þekktum vel inn á hver annan. Svo fengum við mikinn neista í Luca Toni (fyrrv. landsliðsframherja Ítalíu) sem bætti 20 mörkum við liðið. Þetta var mikið ævintýri, sérstaklega þar sem við vorum í baráttu um að komast í Evrópu-deildina þar til í síðustu tveimur umferðunum,“ segir Emil, sem viðurkennir að pressan verði meiri fyrir veturinn fram undan.

„Við erum búnir að bæta við okkur góðum leikmönnum eins og Javier Saviola sem ég sá að skoraði fullt fyrir Olympiacos. Svo lítur Rafael Márquez sem við fengum líka mjög vel út. Ég horfði á HM í sumar og fannst hann svakalega góður. Það var vel gert hjá yfirmönnum að fá hann til liðsins. Pressan verður samt meiri núna því við erum búnir að bæta við okkur þessum leikmönnum. Svo er mikill stuðningur á bak við liðið, en við erum með 25–30.000 manns á heimaleikjum. Þeir munu vilja árangur.“

### Ákvörðunin guðsgjöf

Emil var búinn að spila í tvö ár – þó aðeins ríflega 20 leiki – með Reggina í A-deildinni á Ítalíu og eitt tímabil með Barnsley í B-deildinni á Englandi áður en hann tók stökkíð til Verona sumarið 2010 sem var þá í C-deildinni.

Liðið er fornfrægt, varð síðast



**KÁTUR** Emil Hallfreðsson nýtur lífsins hjá Hellas Verona í ítölsku A-deildinni og er klár í slaginn með íslenska landsliðinu í undankeppni EM. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

meistari í fyrsta og eina skiptið árið 1985, og ætlaði sér að komast aftur upp á meðal þeirra bestu. Verkefni var hrint í gang sem Emil bauðst að taka þátt í og hann sér ekki eftir því.

„Ég get samt viðurkennt að ekki í mínum villtustu draumum gat ég ímyndað mér að þetta myndi gerast svona hratt. Ég var bara orðinn rosalega þreyttur á umhverfinu í Reggina og vildi komast burt. Ég tók því þessa áhættu og ákvað bara að gefa allt í Verona-verkefnið. Á endanum er þetta búíð

að vera hálfgerð guðsgjöf fyrir mig,“ segir Emil sem nýtur lífsins svo um munar í þessari gullfallegu 265.000 manna borg í norðurhluta Ítalíu.

„Þetta er alveg rosalega skemmtilegt. Það er svo svakaleg stemning í kringum liðið, allir í borginni lifa sig svakalega inn í þetta með okkur. Maður fattar í raun ekkert áhugann fyrir enn maður kemur þarna út. Ég hef svo sannarlega ekki séð eftir þessu,“ segir Emil Hallfreðsson sáttur að lokum.

tomas@365.is

## Peir fengu að hafa Jón Daða

U21 árs landsliðið þarf að minnsta kosti stig gegn sterku liði Frakka ytra í dag.

**FÓTBOLTI** „Það eru allir heilir og bara mjög spenntir fyrir þessum leik,“ segir Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U21 árs landsliðs karla, í samtali við Fréttablaðið, en strákarnir mæta Frökkum á heimavelli franska 1. deildar liðsins Auxerre í samnefndri borg í dag.

Frakkar hafa sýnt að þeir eru langbesta liðið í riðlinum, og berst íslendingar því fyrir öðru sæti sem gefur mögulega sæti í umspili um sæti á EM 2015. Til þess þurfa strákarnir stig í kvöld.

„Við þurfum að stefna á það, en svo eru leikir á þriðjudaginn þannig að við vitum endanlega hvar við stöndum daginn eftir okkar leik.

Ef við náum stigi erum við í mjög góðum málum, en tap er ekki gott. Það fer samt eftir því hvernig fer í hinum leikjunum á þriðjudaginn,“ segir Eyjólfur, en er ekki erfitt að stefna á jafntefli?

„Við förum inn í alla leiki til að vinna þá. Við áttum góðan leik á móti Frökkum heima og vorum óheppnir að fá ekkert út úr honum.“

Hvað þarf íslenska liðið að gera til að ná stigi af því franska sem er stútfullt af strákum sem hafa gengið kaupum og sölum í Evrópu-boltanum fyrir hundruð milljóna króna?

„Við þurfum að vera virkilega

öflugir í varnarleiknum og passa að þeir komist ekki á okkur maður á mann. Við þurfum að tvöfalda á kantana og beita skyndisóknum,“ segir Eyjólfur.

Jón Daði Böðvarsson, leikmaður Viking í Noregi og fastamaður í U21 árs liðinu, verður ekki með í kvöld, heldur er hann í hópnum hjá A-liðinu gegn Tyrkjum annað kvöld.

„A-liðið vantar framherja og við erum með mikið af möguleikum upp á topp í okkar liði. Við tókum því þann pólinn í hæðina að þeir fengu að hafa Jón Daða. Við setjum bara aðra í málið hjá okkur,“ segir Eyjólfur. - tom



**A-LIÐIÐ** Jón Daði Böðvarsson verður í hópnum gegn Tyrkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





DAGUR RAUÐA NEFSINS

# KLUKK!

#rauttnef



PIKAS/TBWA • SA

## VERTU MEÐ!

**Hjálpaðu okkur að berjast fyrir réttindum barna um allan heim.**

Horfðu á dag rauða nefnsins á RÚV föstudagskvöldið 12. september og slástu í hóp heimsforeldra UNICEF.

Hringdu í síma 562 62 62, eða farðu á [unicef.is](http://unicef.is) til að gerast heimsforeldri.

unicef 

*Þessi birting er kostuð af:*

 Alvogen  mpbanki

# Meiðsli Sölva hafa gert þetta auðveldara

Ragnar Sigurðsson segir velgengi í síðustu keppni ekki hafa neitt að segja í samkeppni um stöður.

**FÓTBOLTI** „Ég er alveg mjög spenntur fyrir því að byrja aftur og það er spennan í hópnum,“ sagði Ragnar Sigurðsson, miðvörður karlalandsliðsins í fótbolta, við Fréttablaðið á æfingu liðsins í Laugardalnum í gær.

Strákarnir okkar hefja leik í undankeppni EM 2016 annað kvöld þegar þeir mæta firnasterku liði Tyrklands, en hvernig verður að reyna að koma liðinu aftur í gang eftir hæðirnar og lægðina í síðustu undankeppni?

„Ég held það líti enginn á þetta

þannig. Við erum allir búnir að fá gott frí og komnir af stað með okkar félagsliðum. Við dveljum ekkert við síðustu keppni; hvort sem um er að ræða árangurinn eða vonbrigðin í lokin,“ sagði Ragnar.

Tyrkir eru með gott lið, en Fylkismaðurinn hefur fulla trú á sigri og að Ísland komist alla leið á EM.

„Íslendingar eru bara þannig, að við höldum okkur besta í öllu. Við höfum fulla trú á því að við förum áfram og ég held að þjóðin trúir því líka,“ sagði hann, en hvað með Tyrkina?

„Tyrkir eru með mjög sterkt lið og leikmenn sem spila í Meistaradeildinni. Þeir eru með sterka einstaklinga, suma betri en aðra, en engan sem við ætlum að passa neitt sérstaklega upp á.“

Íslenska liðið stendur vel að vígi hvað varðar miðverði þessa stundina. Ragnar, Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen eru allir heilir og að spila vel í sterkum deildum. Samkeppnin verður hörð.

„Það er bara þannig. Sölvi hefur gert þetta nokkrum sinnum aðeins auðveldara með því að vera meidd-

ur, en nú er hann ferskur sem er bara frábært,“ sagði Ragnar, en telur hann sig ekki eiga skilið byrjunarliðssæti fyrir frammistöðuna í síðustu undankeppni?

„Ég held að allir líti nú rosalega stórt á sig og finnst þeir eiga meira skilið að spila en næsti maður. En ég hugsa ekkert um velgengni í síðustu keppni þó mér hafi gengið vel. Það gefur mér ekkert núna. Maður gerir engar kröfur heldur gerir bara sitt besta og vonast til að fá einhverjar mínútur þegar þetta fer af stað.“ -tom



**EKKERT GEFID** Ragnar Sigurðsson berst fyrir sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FIMMTA SÆTI** ÍBV fór upp töfluna og felldi Skagakonur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Eyjakonur felldu nýliðana

**FÓTBOLTI** ÍBV lyfti sér upp í fimmta sæti Pepsi-deildar kvenna með 5-0 stórsigri á ÍA í fyrsta leik 16. umferðar Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu í gærkvöldi.

Þórhildur Ólafsdóttir kom ÍBV yfir á 23. mínútu og þremur mínútum síðar tvöfaldaði Shaneka Gordon forskotið fyrir heimakonur í Vestmannaeyjum.

Nýliðarnir höfðu ekki roð við Eyjakonum í seinni hálfleik sem bættu við þremur mörkum en þar voru að verki Vesna Smiljkovic, Sóley Guðmundsdóttir og Shaneka með sitt annað mark.

Með tapinu féll ÍA endanlega niður í 1. deild á ný, en fall hefur blásið við nýliðunum í ansi langan tíma. ÍA er aðeins með eitt stig eftir sextán umferðir, níu stigum frá öruggu sæti þegar tvær umferðir eru eftir.

Nú stendur baráttan um að fylgja Skagakonum ekki niður á milli FH, sem er með níu stig, og Aftureldingu sem hefur stigi meira. -tom



**NAUTSTERKUR** Júlían Jóhannsson fékk brons á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

## Brons hjá Júlían á HM

**LYFTINGAR** Kraftajötunninn Júlían J.K. Jóhannsson vann til bronsverðlauna og setti um leið nýtt Íslandsmet í +120 kg flokki á heimsmeistaramóti unglunga í kraftlyftingum sem fór fram í Ungverjalandi um helgina.

Júlían lyfti mest 375 kg í hnébeygju, en með því bætti hann Íslandsmet unglunga um 12,5 kíló. Hann lyfti svo 267,5 kg í brekkpressu og bætti eigið Íslandsmet.

Eftir að hafa lyft 310 og 325 kg örugglega í réttstöðulyftu hífði Júlían upp 337,5 kg í síðustu lyftunni og náði þannig í bronsverðlaunin. Heildarþyngdin var 980 kg sem er Íslandsmet unglunga.

Júlían náði í heildina í silfur í réttstöðulyftu og bætti sig í öllum þremur greinum um samtals 37,5 kíló.

Tékkinn David Lupac vann nokkuð öruggan sigur en hann lyfti í heildina rúmu tonni eða 1.090 kílóum. -tom

**Fjölskyldupakkinn**

3 Krakka stöðin Vild

365

3 Krakka stöðin Vild

**Fjölskyldupakki á frábæru verði!**

# 2.990 kr.

Mamma, pabbi og börn á öllum aldri kætast yfir Fjölskyldupakkanum sem er sneisafullur af fjölbreyttu og vönduðu efni. Verðið er svo sannarlega frábært, **aðeins 2.990 kr.** á mánuði og fyrir 2.000 kr. aukalega færðu netið líka!\*

**Stöð 3** Snilldarþættir á hverju kvöldi. Grín, raunveruleikaþættir, spennan og rómantik. Frábær sjónvarpsstöð fyrir hressit fólk á öllum aldri.

**Krakkastöðin** Vandad talsett barnaefni frá morgni til kvelds, teiknimyndir og leiknir þættir.

**ALLT EFN TALSETT**

**Krakka stöðin**

**Vild**

Áskrifendur 365 fá allt að 50% afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana.

\*Innihaldið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Fjölskyldupakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# Höfum aldrei átt jafnglæsilegan hóp ungmenna

Ólympíufarinn og spjótkastarinn Einar Vilhjálmsson var kosinn nýr formaður Frjálsíþróttasambandsins á þingi þess í gær.

**FRJÁLSAR** Einar Vilhjálmsson, Íslandsmethafi í spjótkastrí og þrífaldur Ólympíufari, var í gær kosinn formaður Frjálsíþróttasambandsins á þingi þess á Akureyri, en hann hafði betur í baráttunni við fráfarafráformann, Benóný Jónsson, með 35 atkvæðum á móti 26. Ekki er langt síðan Einar ákvað að bjóða sig fram.

„Það gerðist bara á útmánuðum í vor að sitjandi formaður ákvað að gefa ekki kost á sér. Þá opnaðist umræða um hverjir væru tilbúnir að ljá hreyfingunni krafta

sína næstu tvö árin og ég var í þeirri stöðu að geta látið mig mála-flokkinn varða og tekið áskorunum varðandi hann,“ sagði Einar við Fréttablaðið í gær.

Ekki var um hatramman kosningaslag að ræða. „Ég fór ekki fram gegn einum né neinum. Stóri sigurinn var sá að tveir menn voru tilbúnir til þess að ljá hreyfingunni aðstoð sína. Ég sagði í ræðu minni á þinginu að ef Benóný yrði kosinn færi þar fram mjög góður formaður.“

Einar hefur marga fjöruna sopið

þegar kemur að frjálsum íþróttum og hefur nokkuð skýra sýn á hvað hann vill bæta og breyta.

„Ég bauð mig fram til að vinna að útbreiðslu og vexti íþróttarinnar á landsvísi. Ég vil líka hlúa að afreksstefnunni enn frekar og auka samtal milli þjálfara og hreyfingarinnar með jöfnuð fyrir alla að leiðarljósi. Ég steig einnig fram í vor og átti stóran þátt í hugmyndinni „Frímínútur“ sem miðar að því að virkja krakka í leik í löngu frímínúttunum í skólum landsins. Svo eru það

eldri borgararnir en hvað varðar öldungabáttinn blasa við spennandi verkefni. Ég vil opna og leyfa fleirum að njóta



þessa góða starfs sem FRÍ hefur unnið. Þróun og útvíkkun á fjármagnsleiðum er líka sannarlega mjög aðkallandi. Ég ætla samt ekki að segjast ætla að gera hitt og þetta því allt kostar peninga,“ segir Einar sem er spenntur fyrir verkefninu.

„Aldrei áður höfum við átt jafnglæsilegan mannauð ungmenna og ég lít á það sem mitt verkefni að koma á auknum verkefnum fyrir hreyfinguna og búa til þjálfarateymi sem hjálpast að,“ segir Einar Vilhjálmsson. - tom



**GLEÐI** Lewis Hamilton fagnar sigrinum í Monza í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sjötti sigur Hamiltons

**FORMÚLA** Lewis Hamilton, ökuþór Mercedes í Formúlu 1, bar sigur úr býtum í Monza-kappakstrinum á Ítalíu í gær. Hamilton byrjaði á ráspól, en tókst að glutra forystunni niður með ævintýrlega lélegri ræsing. Hann var kominn í fjórða sætið áður en fyrsti hringur var búinn.

Hamilton vann sig aftur upp í fyrsta sætið og fagnaði sætum sínum sjötta á tímabilinu. Hann er samt sem áður 22 stigum á eftir liðsfélaga sínum Nico Rosberg í baráttunni um heimsmeistaratil bílasmiða.

Þeir munu berjast um titilinn allt til enda, en sex keppnir eru eftir. Hamilton hefur unnið fleiri keppnir en Rosberg verið stöðugri og klárað allar keppnir nema eina og alltaf nema einu sinni áður verið í öðru af efstu tveimur sætum. - tom



**Á BATAVEGI** Alfred Finnbogason getur brátt spilað aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Alfred að verða klár

**FÓTBOLTI** Alfred Finnbogason, landsliðsframherji í knattspyrnu, vonast til að geta brátt spilað með félagliði sínu Real Sociedad, en hann missti af fyrstu leikjum nýs tímabils vegna þess að hann fór úr axlarliði.

„Óxlin er að koma til. Ég vinn hörðum höndum að því að koma mér í stand og geri mikið af æfingum. En þetta eru flókin meiðsli og ég þarf að passa mig,“ segir Alfred í viðtali við spænska íþróttablaðið El Mundo Deportivo.

Hann viðurkennir að það hafi verið erfitt að geta ekki verið með í byrjun tímabilsins með sínu nýja liði.

„Auðvitað er það ekki skemmtilegt. Þetta er ekki alveg sú aðstaða sem maður vildi lenda í. Ég hef verið heppinn með meiðsli undanfarin tvö ár og aðeins misst af fjórum leikjum. En þetta er eitthvað sem gerist í boltanum,“ segir Alfred Finnbogason. - tom

Haustútsala

# 20%

afsláttur

## Stílhrein og sterk sorptunnuskýli á hausttilboði

Einstök og falleg gæðaskýli sem fela og verja sorptunnurnar á snyrtilegan hátt.

**GÆÐAKERFI**  
VOTTAB  
VOTTUN  
IST ISO 9001

**Sendum um allt land!**

BM Vallá • Breiðhöfða 3, 110 Reykjavík  
Sími: 412 5050 • sala@bmvalla.is • [bmvalla.is](http://bmvalla.is)





Íris Hólm



Regína Ósk



María Björk




Alma Rut



Guðbjörg



Stefanía Svavars



Tinna Marína



Gestakennari  
Eyþór Ingi

## Skráning hafin fyrir haustönn

Námskeið fyrir alla aldurshópa; börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir.

### • Forskóli - Söngvaborg 3-5 ára Örfá pláss laus

Í forskólanum er unnið með lög úr Söngvaborg ásamt almennum leikskólalögum. Kennslustundin er 40 mínútur og fer þannig fram að börnin eru virkjuð til að syngja, hreyfa sig og að ná fram almennri tjáningu. Forskólinn er kenndur á sunnudögum og er í 10 vikur.

Gestir á námskeiði: María, Sígga og Lóa  
Kennari: Tinna Marína

### • Börn 5-12 ára: Örfá pláss laus

Námskeiðið er í 13 vikur. Börnin mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn og er kennt alla daga vikunnar. Hóptímar 5-6 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín. Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Farið er í hljóðnemataækni, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Á námskeiðinu eru 5 tímar frábrugðnir venjulegri kennslustund; rytmatími, upptaka á geisladisk, upptaka á DVD og tónleikar fyrir foreldra og vini.  
Gestakennari: Eyþór Ingi

### • Unglingar 13-15 ára: Örfá pláss laus

Námskeiðið er í 12 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Kennt er alla virka daga.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira. Danstími/rytmatími (val)

Hóptímar 4 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Í enda námskeiðsins er upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum og tónleikar.

Gestakennari: Eyþór Ingi

### • Fullorðnir: Örfá pláss laus

• Hóptímar:

Námskeiðið er í 10 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Hóptímar 3 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum fylgir.

• Einkatímar:

Námskeiðið er 10 x hálf klst.

### • Complete Vocal Technique: Örfá pláss laus

Complete Vocal Technique er tækni sem flestir atvinnusöngvarar nýta sér í dag. Hún byggir á 20 ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngstíla, allt frá þungarokki yfir í klassískan söng. CVT kynnir nýjar og auðveldar aðferðir til að beita röddinni til hins ítrasta á heilbrigðan hátt.

8 vikna námskeið þar sem mætt er einu sinni í viku í 2 klst. 5 í hóp

Ath! Aldurstakmark og aðeins fyrir lengra komna.

Kennari: Guðbjörg Magnúsdóttir

### • Píanónám eftir eyranu

Námskeiðið er í 10 vikur. 4 saman í hóp. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Námskeiðið er fyrir alla sem vilja læra á píanó, byrjendur eða lengra komna.

Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og að spila undir eigin söng.

A.T.H aldurstakmark 12 ára

Kennari: Pétur Hjaltsted

## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Lagið State Trooper með Trentemöller. Það jafnast ekkert á við að byrja vikuna með þessu lagi!“

Natalie G. Gunnarsdóttir, betur þekkt sem Dj Yamaha

## Líkaminn er lifandi pensill

Áferð og snerting er þemað í sýningu Silju Hinriksdóttur myndlistarkonu.

„Pælingin á bak við verkin er helst skynfærin okkar og hvað snerting er okkur mikilvæg. Skynjunin er eitt af því fyrsta sem við þróum eftir fæðingu og er það síðasta sem við missum. Hún er okkur svo mikilvæg bæði fyrir þroska og geðheilsu,“ segir Silja Hinriksdóttir myndlistarkona, sem er nýflutt heim til Íslands eftir fjögurra ára myndlistarnám í London við University of the Arts. Verkin vinnur hún þannig að hún þrýstir líkama sínum í málningu sem hún þrykkir svo á striga. Hún vinnur mikið



SILJA HINRIKSDÓTTIR

með mismunandi áferð á striganum og er hann ekki endilega rennisléttur, heldur er búið að krumpa hann eða brjóta saman. Á sýningunni eru ekki einungis málverk heldur hefur Silja einnig gert lampaskerma sem hún kallar fingraverk. „Á þá þrykki ég með fingrunum

og geri mismunandi munstur,“ segir Silja, Innblástur fær hún úr íslenskri náttúru og þá sérstaklega við litasamsetningu og áferð í verkum. Framtíðina segir Silja óráðna, en hún ætlar að halda áfram að vinna að sinni list og halda fleiri sýningar, jafnvel með fleiri listamönnum. Sýning Silju heitir Skynfæri og verður opnuð í Gróskusalnum eða gamla Betrúarhúsinu á Garðatorgi, Garðabæ, fimmtudaginn 11. september kl 18. Sýningin verður opin yfir helgina frá klukkunum 12-18.



### VERKEFNA-STJÓRI KVIKMYNDAFRÆÐSLUNNAR

Oddný Sen vill veita börnum og unglingum möguleika á að kynnast kvikmyndum sem hafa alþjóðlega gæðastimpla.

MYND/ÚR EINKASAFNI



## Kvikmyndafræðsla inn í námskrána

„Þetta byrjaði frekar fátæklega sem pallborðsumræður haustið 2010 fyrir ung börn þar sem ég kynnti verk Charlie Chaplin fyrir þeim. Þetta gekk vonum fram og í framhaldi af því var þessu kvikmyndafræðsluverkefni hleypt af stokkunum í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar og frístundasvið,“ segir Oddný Sen, verkefnastjóri kvikmyndafræðslunnar. „Verkefnið hefur svo sannarlega undið upp á sig og er þetta orðið umfangs- og yfirgripsmikið verkefni með íburðarmikilli dagsskrá þar sem við veljum myndir í samráði við aðalnámská grunnskólanna. Við erum svo að þróa þetta verkefni með leikskólum borgarinnar einnig,“ segir Oddný en framboð kvikmyndanna í ár er einstaklega fjölbreytt og fræðandi. Má til dæmis nefna Biophilu Bjarkar Guðmundsdóttur þar

sem notast er við appið sem þróað var í kringum hana og frönsku heimildamyndina „Á leið í skólann“ þar sem fylgst er með börnum á leið í skólann í mismunandi heimsálfum. Þar kynnast börnin meðal annars börnum í Afríku sem þurfa að ferðast langa leið yfir hættusvæði til þess að komast í skólann.

Bió Paradís stendur fyrir kvikmyndafræðslu fyrir börn og unglinga sex vikur í senn á hvorri önn skólaársins en sýningar eru á þriðjudögum og fimmtudögum á skólatíma. Tilgangurinn með sýningunum er að veita börnum og unglingum möguleika á að kynnast kvikmyndum sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, eru ýmist klassískar perlar frá öllum skeiðum kvikmyndasögunnar og eru lykilkvikmyndir sem hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar. - asi

## Yngsti nemandi FÍH

Hinn tíu ára trommari Þórarinn Þeyr hefur vakið athygli fyrir flotta takta á tónleikum með hljómsveitinni Meistarar dauðans, nú síðast á Menningarnótt. Hann er kominn inn í Tónlistarskóla FÍH þótt aldurstakmarkið sé fimmtán.

„Á inntökuprófinu í FÍH spilaði ég fyrir þrjá kennara. Ég tók stef af nótum sem þeir höfðu sent og líka nokkur lög, til dæmis Immigrant Song, Moby Dick og Fool in the Rain með Led Zeppelin en trommarinn í henni, John Bonham, er uppáhaldstrommarinn minn,“ segir Þórarinn Þeyr Rúnarsson, tíu ára. Hann lemur húðir í hljómsveitinni Meistarar dauðans við góðan orðstír og er yngsti nemandinn í FÍH á þessum vetri.

Aldurstakmark í FÍH er fimmtán ár og Þórarinn Þeyr segir ýmislegt fylgja því að vera langyngstur. „Ég vildi læra tónfræði og reyna að komast í sama skóla og Áspór Loki bróðir minn því við spilum alltaf saman og er voða ánægður með að það tókst. En það verður erfitt í tónfræðinni því þetta er harður skóli. Sumum unglingum og fullorðnum finnst líka kannski skrítíð að spila með krakka en ég ætla að passa að trufla engan og hlusta á alla bara eins og á hljómsveitaræfingum.“

Þórarinn Þeyr fékk fyrsta trommusettið fimm ára, þangað til sló hann á potta og hvað sem var. „Ég hlustaði mikið á Trassana, hljómsveit sem pabbi var í, og Metallicu og vildi alltaf hlusta á þau lög sem voru með flottustu trommutóktunum. Við Áspór Loki bróðir minn sem nú er 15 ára og spilar á gítar æfðum mikið í stofunni heima. Pabbi kenndi okkur til dæmis Lóa, Lóa eftir Megas en við heimtuðum að læra Master of Puppets með Metallica,“ segir Þórarinn. Hann kveðst hafa lært mest af Kristni Snæ Agnarssyni trommuleikara. „Kiddi kenndi mér tækni, takta og trommubreik en líka að hlusta á hina og hvað það er mikilvægt að halda jöfnum takti og geta spilað bæði laust og fast.“

En skyldi Þórarinn ekki vera að



LITLI TROMMULEIKARINN „Kiddi, trommukennarinn minn, átti þetta sett áður og mér finnst það flott og grúví,“ segir Þórarinn Þeyr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Meistarar dauðans

Meistarar dauðans var stofnuð árið 2011 af þeim bræðrum Áspóri á gítar og Þórnari Þeyr á trommum ásamt Alberti Elfasi Arasyni á bassa. Þeir hafa spilað á mörgum tónleikum, síðast á Óðinstorgi á Menningarnótt og þar áður á góðgerðartónleikum á Gauki á Stöng þar sem safnað var fyrir barnahjálpi á Gasa. Næsta gígg er í Hörpunni á Stóra hveli, minningartónleikum um John Bonham, trommara í Led Zeppelin. Þeir tónleikar verða til styrktar rannsóknum á sjúkdómnum MND.

gera alla vitlausu í hverfinu þar sem hann býr?! „Nei. Eða jú, svólítið. Við æfum í bílskúr og erum búnir að hljóðeinangra hann en það stoppar samt ekki allt hljóð. Við erum með reglur um að spila ekki á trommurnar eftir klukkan 18 nema stundum til 19 um helgar. Svo reyni ég að spila ekki fast.“

Trommusláttur er ekki eina áhugamál Þórarins Þeys. Hann hefur æft júde frá fjögurra ára aldri og er bæði Íslandsmeistari og Bandaríkjameistari í sínum flokki. Svo er hann að skrifa bók. Hann kveðst líka spila oft á gítar

→ Sumum unglingum og fullorðnum finnst líka kannski skrítíð að spila með krakka en ég ætla að passa að trufla engan og hlusta á alla bara eins og á hljómsveitaræfingum og mandólín heima og stundum píanó þegar hann komist í það. „Mér finnst þetta allt gaman,“ segir hann. „Skemmtilegustu lögin sem ég kann á gítarinn eru Out on the Tiles og Ramble On með Led Zeppelin.“

gun@frettabladid.is



4x4

### Suzuki Grand Vitara

Árgerð 2012, ekinn 31 þús. km., bensín, beinskiptur 4x4.

Verð: 4.090.000 kr.



4x4

### Honda CRV

Árgerð 2012, ekinn 48 þús. km., bensín, sjálfskiptur 4x4.

Verð: 4.690.000 kr.

Bílaleigubílar komir í sölu

## Nýlegir bílar á betra verði

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík  
Sími 590 2160 · www.notadir.is



ASKJA

# MEISTARAMÁNUÐUR

ÖLL LANGA  
ÖLL KEILA  
- LÖNGUSTEIKUR  
- KEILUSTEIKUR  
roðlaust/beinlaust

# 1.690

Kr.kg

FISKIBOLLUR 2 FYRIR 1

SKATA 799 Kr.kg

TILBOÐIÐ  
GILDIR  
ALLA VIKUNA



FISKIKÓNGURINN  
SOGAVEGI 3  
HÖFÐABAKKA 1



[www.fiskikongurinn.is](http://www.fiskikongurinn.is)

GRÍPTU TILBOÐIÐ

Finndu Fiskikónginn á



## LOK Á HEITA POTTA

Lok til á lager:

Stærðir:

174x217 cm

200x200 cm

210x210 cm

217x217 cm

220x220 cm

217x235 cm

235x235 cm

8 hyrnd lok,

(passar á Unaðskel)

Lokin þola  
1.000 kg  
snjóþunga.



HITAVEITUSKELJAR  
1250 - 1600 LÍTRAR



Sölustaður

# HEITIRPOTTAR.IS

FISKIKÓNGURINN  
SOGAVEGI 3  
SÍMI: 777 2000

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Meirihluti í fertugsafmæli

Líf Magneudóttir, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna, hélt upp á fertugsafmæli sitt um helgina og tókst vel til. Gestalistinn fyrir partið samanstóð af meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur auk vina Lífar og vandamanna. Viðstaddir voru Sóley

Tómasdóttir, Þór Saari, Skúli Helgason og Eva Einarsdóttir. Þá mættu einnig Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Magnússon og Hjálmar Sveinsson svo einhverjir séu nefndir. Afmælisbarnið fékk blómavasa að gjöf frá Samfylkingunni og reiðhjól frá félögum sínum í Vinstri grænum.

- ósk



#### Stjörnum prýdd afmælisveisla

Retro Stefson-bræðurnir Unnsteinn Manuel og Logi Pedro Stefánssynir héldu upp á afmæli sín í gær með pompi og pragt á heimili Loga. Margt var um manninn í gleðskapnum en þar mátti sjá fjöldann allan af tónlistarmönnum á borð við Högna Egiilsson, Gísla Pálma, Emmsjé Gauta, og flesta meðlimi rappsvéitarinnar Reykjavíkurdætra. Þá mátti sjá GIF-drottninguna Berglindi Pétursdóttur,

fjölmíðlakonuna Maríu Lilju Prastardóttur, Steinþór Helga Arnsteinsson hjá CCP, rapparann og leikstjórnann Ágúst Bent og kærustu hans Steingerði Sonju ásamt fríðu föru-neyti.

- lk



#### Mest lesið VÍSIR

- 1 Minkur í bílakjallara Hörpu: „Þetta var fáránleg upplifun“
- 2 Hundruð hafast við í holræsum undir lestarstöð
- 3 Ökuníðingurinn á Sólheimasandi fundinn og sektaður fyrir utanvegaakstur
- 4 Eldur í hvalasýningunni: „Þetta var áfall“

**KitchenAid**  
THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

**95**  
**50**  
1964-2014  
**Einar Farestveit & Co. hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef.is](http://ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



**SÍÐUSTU DAGAR!**

**RISA**

**ÚTSALA**  
**30-70%**  
**AFSLATTUR!**

**CACIOS**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 305.466 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 152.732 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**50% AFSLÁTTUR**

**FARYN**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 282.083 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 183.360 kr.**  
= 35% AFSLÁTTUR!

**35% AFSLÁTTUR**

**ÓTRÚLEGT TILBÓÐ!**

**50 til 70% AFSLÁTTUR AF SÝNINGAR- OG SKIPTIRÚMUM**

**SILVIA**  
HÆGINDASTÓLL  
FULLT VERÐ 43.700 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 34.960 kr.**

**ROYAL M3**  
Queen Size (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 135.675 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 94.975 kr.**  
= 30% AFSLÁTTUR!

- ROYAL M3**
- 5 SVEDA SKIPT POKAGORMAKERFI
  - PRÝSTJÓFNUNARSVAMPUR Í TOPPNUM
  - GEFUR EINSTAKA ABLÖGUN

**ROYAL M3**  
(180x200 cm)  
FULLT VERÐ 183.330 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 128.331 kr.**  
= 30% AFSLÁTTUR!